HAMAR OG HAMARSKOT Í DALVÍKURBYGGÐ:
DEILISKRÁNING VEGNA FRÍSTUNDABYGGÐAR OG IÐNAÐARSVÆÐIS



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2020
FS784-19351

Á ljósmynd á forsíðu er horft yfir heimatún Hamars en forngarðar 180:006 og 050 sjást fremst á mynd

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2020
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 5

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 9

4. FORNLEIFASKRÁ 11

5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHÆTTI 67

6. FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSREITS 73

Lokaorð 77

Viðauki

Hnit á ISN formati

Minjakort

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu fornminja innan marka 45 ha deiliskipulagsreits í landi Hamars/Hamarskots í Dalvíkurbyggð. Jörðin Hamarskot fór í eyði árið 1921 en Hamar 1964 og keypti svetiarfélagið í kjölfarið svæðið. Innan þess er jarðhiti sem nýttur hefur verið til húshitunar á Dalvík. Á undanförnum áratugum hefur risið talsverð sumarbústaðabyggð á svæðinu. Fornleifaskráningin var unnin í október 2019 að beiðni Dalvíkurbyggðar sem ráðgerir frekari uppbyggingu frístundabyggðar og iðnaðar á svæðinu. Innan marka deiliskipulagssvæðisins var skráð 71 fornleif (einingar) á 55 minjastöðum. Fornleifarnar voru mjög fjölbreytilegar að gerð og aldri. Sem dæmi má nefna að innan reitsins eru forn garðakerfi sem hafa verið aldursgreind til 10.-11. aldar og líklegt fornbýli frá sama skeiði en yngstu skráðu minjarnar voru frá fyrri hluta 20. aldar. Auk garðlaganna voru skráð fimm bæjarstæði og býli innan svæðisins, heimildir um útihús á nokkrum stöðum, leiðir, mógrafir, heystæði og beitarhús og mögulegt er einnig að þar leynist kuml á tveimur stöðum. Ljóst er að framkvæmdir á svæðinu hafa þegar skemmt talsvert af minjum og er brýnt að tryggja að frekari uppbygging valdi ekki frekari minjaspjöllum en orðið er.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, sumarhúsabyggð, iðnaðarsvæði, forngarðar, fornbýli, Hamar, Dalvíkurbyggð

Summary


This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out within a 45 ha plot belonging to the property of Hamar/Hamarskot in Dalvíkurbyggð, Eyjafjörður. The land is owned by the municipality of Dalvíkurbyggð which commissioned the survey in connection to ideas about further addition of summer houses in the area as well as possible construction or development of the Hitaveita Dalvíkur (Geothermal Pumping Station) which is already in the area. The main farm of the area is Hamar, abandoned in 1964 but three smaller tenant farms were within the area, as well as a settlement from the 10th-11th century discovered by an earlier survey. Additionally, a complex boundary system, dated to the 10-11th century is within the area, as well as a farm mound, ruins of a tenant farm, outhouses, routes, peat cutting areas, hay ricks etc. All combined 55 sites and 71 archaeological units were surveyed. The construction that has already taken place within the area has damaged various sites. It is important that any further planning and construction work in the area respects the cultural landscape and full measurements will be taken to protect the remaining archaeology.

Keywords

Archaeology, detailed survey, summer house development, industrial area, boundaries, Viking age settlement, Hamar, Dalvíkurbyggð

1. Inngangur

Sumarið 2019 hafði byggingarfulltrú Dalvíkurbyggðar samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan marka deiliskipulagssvæðis í landi Hamars/Hamarskot í sveitarfélaginu. Jörðin Hamarskot fór í eyði 1921 en Hamar 1964 og keypti sveitarfélagið landið í kjölfarið. Á svæðinu er jarðhiti sem nýttur hefur verið til húshitunar á Dalvík frá 1969 og eru þar tvær borholur sem lokið var við borun á 1977 og 1987. Auk hitaveitumannvirkja og húsa Hamarsjarðarinnar hefur á undanförnum áratugum risið talsverð sumarbústaðabyggð á svæðinu. Elsti bústaðurinn er frá því um 1980 en flestir hafa þeir risið á undanförnum árum, eftir 2000. Í tengslum við frekari uppbyggingu sumarbústaða og iðnaðar á svæðinu fór sveitarfélagið þess á leit að Fornleifastofnun Íslands ynni deiliskráningu innan reitsins sem er um 45 ha stór. Áður hafði Fornleifastofnun aðalskráð minjar á svæðinu en ekki hafði verið gengið um það kerfisbundið í leit að fornleifum áður.[1] Úttektarsvæðið nær yfir gömlu heimatún Hamars og Hamarskots og einnig býlið Grjótgarð auk þess sem norðurvesturmörk



Úttektarsvæðið merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur á innfellda Íslandskortinu en mörk deiliskipulagssvæðis eru merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum Íslands á stærra kortinu.

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003.

deiliskipulagssvæðisins eru á merkjum Hamars og Skáldalækjar og norðausturmörkin að hluta á merkjum Hamars og Hrísa. Svæðið fellur innan marka jarðarinar Hamars (EY-179) að öðru leyti en því sem snýr að túni Hamarskots (EY-180).

Áður en deiliskráning hófst 2019 var vitað um 20 fornleifar innan svæðis en kerfisbundnar göngur um það leiddu í ljós 35 staði til viðbótar og því voru 55 staðir skráðir og 71 fornleif (einingar). Af töldum einingum voru þó sjö fornleifar sem eru í raun utan deiliskipulagsmarka en voru hluti af minjaþyrpingu sem að hluta er innan deiliskipulagsreits og er því fjallað um minjaþyrpinguna í heild sinni í skýrslunni. Því mætti segja að innan marka deiliskipulags séu 55 minjastaðir en 64 fornleifar.

Reiturinn var skráður á vettvangi í október 2019. Við vettvangsskráningu var farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um minjar eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp. Um vettvangsskráningu sáu þær Kristborg Þórsdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir og vann sú síðarefnda einnig skýrslu og tók drónamyndir af svæðinu. Kristborg sá um gerð tóftateikninga og korta.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-179:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits falla flestar undir Hamar (EY-179) en minjar í heimatúni Hamarskots sem og tveir af forngörðunum sem skráðir voru höfðu áður fengið númer innan Hamarskots (EY-180) og var ákveðið að hreyfa ekki við þeim númerum. Að auki var fornbýli á merkjum Hamars og Hrísa upphaflega skráð undir númeri Hrísa (EY-100:010 A-I) og landamerkjagarður á mörkum Hamars og Skáldalækjar var skráður undir númeri innan Skáldalækjar (EY-178:013) og var þeim númerum haldið. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Fleiri minjar voru skráðar innan jarðarinna þegar hún var aðalskráð, utan deiliskipulagsreitsins en upplýsingar um þá staði eru ekki birtar í skýrslunni. Er þetta skýringin á því að númeraröð fornleifa er ekki samfelld heldur vantar inn í númer á minjum sem eru þekktar utan marka deiliskipulagsreits.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi. Að þessu sögðu er ljóst að stór hluti ráðgerðra framkvæmda er innan heimatúns gamalla jarða og þar er minjadreifing mjög þétt. Á slíkum svæðum má einnig gera ráð fyrir því að áður óþekktar minjar geti komið í ljós á framkvæmdastigi. Ljóst er að mikilla minja er að vænta undir sverði í heimatúnum Hamars og Hamarskots og einnig innan marka fornbýlis 100:010. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.


4. Fornleifaskrá

EY-100 Hrísar

1447 má sjá af reikning Möðruvallaklaustur að Hrísar eru orðinn eign þess. "Jtem Riis x aura." DI IV, 711,
1525 eru Hrísar enn eign Möðruvallaklausturs skv. Sigurðarregistri. DI IX, 319.
1569-70 eru Hrísar taldar upp í reikningi Möðruvallaklausturs. DI XV, 363.
1712. 20 hdr. Möðruvallaklaustursjörð. Einnig Hrís. JÁM X, 92-93.
1917: 3.7 ha. 1/4 slétt. Garðar 300 m2. Oft var erfitt um neysluvatn á Hrísum. Lítill bæjarlækur rann um túnið en í honum var yfirborðsvatn. Einhverju sinni var grafinn brunnur rétt sunnan við bæ en aldrei fékkst almennilegt vatn úr honum.
1990: Dalvíkurbær á jörðina nú og er þar ekki lengur búskapur. BE 1990, 120-121

EY-100:010 tóftir+garðalag býli 522704 605441
Fornlegur vallargarður með fjöldamörgum tóftum við og inn í er um 400 m sunnan við þjóðveg. Markagirðing Hrísa og Hamars liggur þvert yfir svæðið. Við vallargarðinn hefur nú verið byggður sumarbústaður og hjólhýsi einnig sett niður innan garðsins. Garðurinn er um 800 m SSA við Hrísa en 400 m vestan við Hálsá. Tóftirnar eru á stórþýfðri sléttu sem vaxin er lyngi. Hluti þeirra er innan sumarbústaðalóðar sem nefnd er lóð 1 í fasteignamati og af því má sjá að fyrstu byggingar á lóðinni hafa risið 1981 en samkvæmt matinu var núverandi sumarbústaður byggður árið 2000.

Fornlegar tóftir með vallargarði umhverfis fundust á mörkum Hrísa og Hamars við aðalskráningu 2002. Auk vallargarðsins fundust þar níu tóftir, þústir og gerði. Könnunarskurður var tekinn í eina af aflöngu tóftunum á svæðinu 2018 og benti hann til að mannvirkið væri byggt á 10.-11. öld og að það væri ekki mannabústaður heldur fremur skemma eða útihús af einhverri tegund. Svæðið í heild hefur því miður orðið fyrir talsverðu raski á undanförnum áratugum. Vegslóði liggur inn í vallargarðinn og klofnar þar í tvennt. Liggur annar slóðinn að sumarbústaðnum Lynghamri sem er suðvestarlega í jaðri vallargarðsins en hinn til suðausturs meðfram vallargarðinum að hjólhýsi sem er innan vallargarðsins í suðausturhorni hans. Innan lóðarmarka sumarbústaðar hefur mikið rask átt sér stað, bæði með byggingu bústaðar og minni kofa, stígagerð, gróðursetningu og gerð lítillar tjarnar. Að lokum má nefna að eftir að svæðið var skráð 2002 hefur lögn verið lög þvert á vallargarðinn allra nyrst og við þá framkvæmd hefur verið rutt úr vallargarðinum á um 25 m kafla. Sá deiliskipulagsreitur sem skráður var haustið 2019 nær að hluta inn á minjasvæðið og er suðvesturhluti vallargarðsins H innan þess sem og hluti af gerði G. Allt minjasvæðið var mælt upp til að vekja á því athygli við framkvæmdir enda brýnt að tryggja að ekki verði unnar frekari skemmdir á því í framtíðinni en aðeins var endurskoðuð lýsing á þeim minjum sem voru innan marka deiliskipulags.
Að minnsta kosti átta rústir eru við og innan vallargarðsins H og líkist svæðið helst gömlu býlis þótt hvergi séu þekktar heimildir um það. Allar tóftirnar eru að hluta eða alveg norðan við vírgirðingu sem liggur þvert yfir vallargarðinn og skiptir landi Hrísa og Hamars og markar einnig þann deiliskipulagsreit sem skráður var 2019.



Uppmæling af tóftunum EY-100:010. Loftmynd: Loftmyndir ehf

er fremur heillegur nema að sunnan þar sem hann er töluvert rofinn og er á köflum horfinn í umrót vegna sumarbústaðar, trjáræktar og annað rask. Það má þó greina slitrur af garðinum eftir stærstum hluta suðvesturhliðar í gegnum þétt kjarrið allt þar til hann hverfur undir sumarbústað og svo aftur á kafla norðvestan bústaðar og að gerði. Gerðið er norðvestast innan þess svæðis sem telst innan vallargarðsins. Gerði G er að hluta innnan þess deiliskipulagsreits sem kannaður var 2019. Það er byggt fast við vallargarðinn. Gerðið er rúmum 10 m norðan við Beinhól (Ey-179:013) og innan við 50 m norðvestan við sumarbústaðinn Lynghamar. Gerðið snýr norðaustur-suðvestur og er ríflega 47 X 41 m að stærð. Virgirðing liggur yfir gerðið norðvestur-suðaustur og markar hún bæði landamerki og lóðamörk sumarbústaðalóðar. Trjám hefur verið plantað í gerðið og lítill lækur rennur fast sunnan við það. Gerðið er fremur rúnað en aðeins breiðara að suðvestan en að norðaustan. Gerðið er rofið á nokkrum stöðum. Á Beina sem er í Hamarslandi en fast sunnan við vallargarðinn er ógreinileg þúst (sjá EY-179:013). Hér verður öðrum tóftum innan vallargarðsins lýst en allar eru þær utan þess deiliskipulagsreits sem skráður var 2019 og byggir lýsingin á aðalskráningu á svæðinu. Hverri tóft er gefinn bókstafur til aðgreiningar og tóftum er lýst frá suðaustri. Suðaustasta tóftin innan vallargarðsins er 10 m innan vallargarðsins til móts við hjólhýsi sem er utan vallargarðsins. Tóftin er 14 X 9 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er þrískipt og er stærsta hólfið í miðjunni (3,5 X 3 m að innanmáli). Ekki er greinanleg op milli hólfa né heldur er greinilegt op á útvegg en þó hugsanlegt að það hafi verið sunnarlega á norðurvegg. Tóftin er á lítilli hæð og er um 1 m frá henni og niður á jafnsléttu þó að veggir tóftarinnar sjálfir séu vart hærri en 0,2 m. Tóftin er eins og aðrar tóftir á svæðinu, sigin og ellileg og veggir víða hátt í 2 m á breidd. Hún er vaxin lyngi. Rúmum 30 m VNV við A er önnur tóft eða þúst B. Hún er mjög misskýr en segja má að mögulegar mannvistarleifar séu á svæði sem er 25 x 15 m stórt. Greinilegasta „tóftin“á svæðinu eru 11 X 7-8 m að stærð og snýr norður-suður. Sunnan við hana er 4 m langt svæði þar sem hugsanlegt er að einhverjar mannvistarleifar reynist. Tóftin er sigin og veggir hennar eru mjög þykkir sem sjá má af því að innanmál hennar er einungis 6 X 3 m. Ekki er greinilegt op á tóftinni.



Yfirlitsmynd af rústasvæði EY-100:010, horft til austurs. Gerði G sést einna best á myndinni til hægri við við miðju en hluti vallargarðsins er einnig nokkuð greinilegur sem lína í móanum nærri miðri mynd.

Um 60 m eru frá tóftinni í norðanverðan vallargarðinn en um 15 m í suðurhliðina. Tóftin er gróin meira grasi en flestar aðrar tóftir á svæðinu og haginn umhverfis. Um 5 m norðaustan við þúst B er lítil hæð, I, sem er um 4 m í þvermál. Ekki sést tóftarlag á hæðinni sem er 20-25 m frá vallargarði. Hugsanlegt er að um sé að ræða öskuhaug en hæðin er um 0,8 m á hæð og fagurgræn. Um 75 m VNV við B er tvískipt tóft C. Hún er skálalaga þar sem hún er 14 m löng og 7,5 m á breidd um miðju en mjókkar til beggja enda en þó sér í lagi til suðurs þar sem hún er um 4 m á breidd. Tóftin snýr norður-suður. Hún er tvískipt og á kafi í lyngi. Syðra hólfið er töluvert stærra en það nyrðra (3 X 4 m að innanmáli á móti 2 X 2) en það nyrðra stendur nokkuð hærra. Op virðist hafa verið á milli hólfa og hugsanlegt er að op hafi verið norðarlega á vesturvegg útvegg en um það er ekki hægt að fullyrða. Tóft C er um 30 m sunnan við norðurhlið túngarðsins. Um 2 m vestan við suðvesturhorn C virðist hafa verið tóft F en hún er mjög sigin og hlaupin í þúfur og rennur saman við móann umhverfis þannig að vart er hægt að greina hana. Þó virðist sem þarna hafi verið einföld tóft með bogadregnum veggum. Hún virðist nú um 20 m á lengd en 8 m á breidd þar sem hún er breiðust en 5 m á breidd til beggja enda. Tóftin snýr norður-suður. Ekki er greinanleg op á henni enda veggir nú flestir alveg hrundir og hlaupnir í þúfur. Austurveggur er þó allra ógreinilegastur. Um 15 m vestan við C en um 20 m austan við bílslóða sem liggur að sumarbústað er einföld, sporöskjulaga tóft D. Hún er 8 X 7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er lyngivaxin og sigin. Að innanmáli er hún 5 X 3 m. Ekki er greinilegt op á henni en það virðist þó hafa verið á norðurvegg. Um 12 m norðan við D er enn ein einföld tóft með eilítið sveigðum veggjum, E. Tóftin er um 30 m NNA við sumarbústað en einungis um 4 m austan við vegslóða að bústaðnum. Tóftin er 21 m á lengd en 10 m á breidd syðst en mjókkar svo til norðurs og er í norðurenda einungis um 4 m. Tóftin er einföld og um 16 X 8 m að innanmáli. Ekker er greinilegt op á tóftinni sem snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru 2-3 m á þykkt og eins og í flestum hinna tóftanna eru þeir aðeins um 0,2-0,4 m á hæð. Könnunarskurður var tekin í þessa tóft árið 2018 og sýndi hann að vegggerð hennar er ekki sérlega vönduð og að talsvert af viðarkolum var í veggnum og utan hans. Ekki fundust eiginlegt gólflög inni í tóftinni sem gæti bent til að hún hafi fremur verkið skepnu eða geymsluhús frekar en mannabústaður. Samkvæmt áliti gjóskulagafræðings er tóftin líklegast í notkun á 10.-11. öld.

Engar heimildir eru þekktar um þær tóftir sem hér hefur verið lýst og ekki geta Árni Magnússon og Páll Vídalín þeirra í Jarðabók sinni frá 1714. Líklegast er að búið hafi verið á þessum stað en frekari rannsókna er þörf til að skera úr um með óyggjandi hætti að þarna hafi verið býli fremur en sel. Athygli vekur að landamerki Hrísa og Hamars liggja beint yfir vallargarðinn sem mætti túlka sem vísbendingu um að býlið sé eldra en landamerkin enda ekki algengt að byggja býli á landamerkjum tveggja jarða. Hins vegar fannst kuml nálægt merkjum Hrísa og Hamars og það augljós vísbending um að hið gagnstæða, þ.e. að merkin séu gömul.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Dalv, 345; Lilja Pálsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Árni Daníel Júlíusson. 2019.

EY-178 Skáldalækur

1414 selur Finnbogi Jónsson Einari Bergþórssyni jarðirnar Skáldalæk og Sökku fyrir Klifshaga, Hafrafellstungu og Þverá í Öxarfirði. DI III, 753-756 Í bréfinu kemur fram að Háls á "halfsmanatar teigh í skallda lækiar jaurd" DI 1963, 185
1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Kross, Hellu, Háls, Hamar og Skáldalæk. DI VI, 571.
1485 og 1486 kemur fram í kaupmálabréfi að Sveins Sumarliðasonar og Guðríðar Finnbogadóttur að Sveinn er eigandi Skáldalæks. DI VI, 548
1490 færir Sveinn Sumarliðason með fullu samþykki Guðríðar Finnbogadóttur konu sinnar jörðina Skáldalæk Jóni Finnbogasyni að gjöf. DI VI, 727-728.
1495 selur Finnboga Einarssyni föður sínum séra Einar Benediktsson Skáldalæk fyrir 20 hdr. DI VII, 253-254.
1498 selur Nafi prior á Skriðu, fyrir hönd klaustursins Skáldalæk fyrir 20 hundruð til Gríms bónda Pálssonar. DI VII, 393.
1520 kemur fram í testamentisbréfi Gottskalks Nikulássonar á Hólum að Hólastóll á helming Skáldalæks sem er virði 10 hundraða. DI VIII, 729.
1525 er Skáldalækur enn að helmingi eign Hólastóls skv. Sigurðarregistri. DI IX, 301.
1544 var gert kaupbréf milli Jóns biskups Arasonar og Ara Jónssonar lögmanns um Skáldalæk ofl. jarðir en það er nú týnt. DI XII, 207.
1550 er jörðinn talin eign Hólastóls að helmingi og sá helmingur er metinn á 10 hdr. DI X, 873.
1552 er Skáldalækur talinn upp í skýrslu Eggert Hannessonar um þær jarðir sem Jón Arason hafi selt undan Hólastóli. DI XII, 460
1552 er Skáldalækur talinn upp með þeim eignum sem Ari Jónsson lögmaður átti. DI XII, 464.
1712 Konungsjörð. Einnig nefnt Skjaldalækur. JÁM X, 91-92.
1917: 2.7 ha. 3/4 slétt. Garðar 220 m2.
1990: "Túnið liggur að mestu í halla suður og upp frá bænum. Neðan við þjóðveginn eru blautar engjar ..." BE 1990, 236

EY-178:013 garðlag landamerki 521852 605406
Brjánn Guðjónsson man eftir garði á merkjum Skáldalækjar og Hrísa. Garðurinn lá alla leið eftir merkjunum en er nú víðast horfinn og ógreinilegur. Óljóst má sjá móta fyrir honum 300 m ofan við þjóðveg eftir austanverðum Svarfaðardal. Hann er 500 m norðaustan við bæ á Skáldalæk 001 og 430 m vestan við bæ á Hamri 179:001.

Garðurinn liggur upp aflíðandi brekku í þýfðum móa. Nokkur skógrækt er upp með merkjunum í landi Skáldalækjar og kjarrgróður er farinn að vaxa upp í framræstu mýrlendi þar sem fyrst sjást ummerki um garðinn í landi Hamars, neðst í brekkunni. Gömul fallin girðing liggur ofan á og meðfram garðinum í brekkunni.




Landamerkjagarður EY-178:013, horft til norðurs

Slitrótt ummerki um garðinn sjást á um 420 m löngum kafla þar sem hann liggur frá suðausturenda skurðar á merkjum í mýrlendi og upp aflíðandi brekku til suðausturs, langleiðina að Sveitalangi 180:006. Garðurinn er útflattur, víða illa farinn af rofi og horfinn á löngum köflum. Þar

sem hægt er að greina garðinn ennþá er hann 0,2-0,4 m á hæð og 2-3 m á breidd. Líklegt verður að teljast að norðvestasti hluti garðsins hafi verið eyðilagður þegar skurður var grafinn þar á merkjum og vegna vegagerðar og annars rasks.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179 Hamar

Í Guðmundar sögu Dýra er bærinn nefndur en þar földu Ingimundur nokkur og heitkona hans



Túnakort af Hamri frá 1917. Á efri myndinni er sjálft túnakortið en á þeirri neðri hefur það verið upprétt og er sýnt ofan á loftmynd og uppmældum minjum á svæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Ásgerður sig þegar Ingimundur hafði vegið Helga Halldórsson 1191. Samkvæmt sögunni bjó þá þar Eyjólfur sopi. Ingimundur var veginn í túni við bænum þegar hann reyndi útgöngu úr úthýsi einu á jörðinn. Samkvæmt sögunni var hann grafinn í skafl í nágrenni. Sturlunga saga I, 173.
1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Kross, Hellu, Háls, Hamar og Skáldalæk. DI VI, 571.
1538 selur Þorsteinn Torfason Ara lögmanni Jónssyni nokkrar jarðir í Eyjafirði, m.a. Hamar sem metin var á 20 hdr. Jarðirnar hafi kona Þorsteins, Þorgerður Stulladóttir fengið í arf eftir bróðir sinn Bjarna Stullason. Í staðinn fékk Þorsteinn jarðir á Vestfjörðum. DI X, 367-368
Þegar fasteignamat er gert fyrir jörðina 1918 er jörðin metin á 11,5 hdr með 1 og 1/2 kúgildi.
1712. 20 hdr. Bændaeign. Einnig Reykjahamar. JÁM X, 92.
Hamarskot hjáleiga frá fyrri hluta 19. aldar
1917: 3.1 ha. 1/4 slétt. Garðar 350 m2.
1918:Þegar fasteignamat er gert fyrir jörðina 1918 eu tún sögð í góðri rækt og sæmilega grasgefin og töðufall 90-100 ha [eða 9 dagsláttur]og uppskera af matjurtargörðum sög um 500 kg. Engjar eru sagðar snögglendar og að mestu þýfðar "votlent það sem greiðfært, er, ósamfelldar og fjarlingjandi. Áveita engin. Engjavegur slæmur. Heyfall 240 haktarar. [...] Búhagar viðlendir og karngóðir, betri fyrir sauðfje en gripi; snjóþungt. Jörðin á upprekstarland fyrir heimafje. Mór og hrís til heimilisnota. Torfrista og byggingarefni ekki gott. Jörðin liggur ekki illa við samgöngum en veglaust að bænum. Á henni má framfleyta 3 kúm, 75 kindum og 3 hrossum með 3-4 mönnum." Fasteignamat Hamars, Undirmat Eyjafjarðarsýslu, no. 313.
1964: Í eyði frá 1964. Eign Svarfaðardalshrepps. BE 1990: 56.




Horft yfir heimatúnið á Hamri og nánasta nágrenni þess. Til hægri á myndinni á sjá túngarð. Horft til ASA.

EY-179:001 *Hamar* bæjarhóll bústaður 522332 605254

Bæjarhóllinn á Hamri er vel greinilegur en er að hluta til náttúruleg hæð eða hóll í landinu. Hann er um 700 m sunnan við þjóðveg og keyrt er upp talsverða brekku að honum sem endar á sjálfum háhólnum. Hamarsbærinn var þar sem nú stendur steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum á háhólnum. Frambær gamla bæjarins náði lengra til vesturs en íbúðarhúsið gerir nú og stóð hann allt til 1953. Greinilegt er að íbúðarhúsið hefur verið byggt í hlutum og stækkað til norðurs tvisvar þegar byggt voru sambyggð skepnuhús og vélaskemma/bílskúr. Núverandi hús eru ekki með kjallara en bygging þeirra hefur þó skemmt bæjarhólinn eitthvað. Framan við miðjuhúsið hefur einnig verið skorið inn í bæjarhólinn að norðan og vestan.

Á bæjarhólnum er nú steinsteypt íbúðarhús án kjallara, nú notað sem sumarhús. Pallur er



Uppmælingar af bæjarhólnum á Hamri. Á honum stendur enn sambyggt íbúðarhús og útihús. Á myndinni má einnig sjá hæðina þar sem fjósið var (179:002) og leið 179:025. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

við húsið. Runnar eru í kringum húsið og aspir í túnjaðri. Vestan við bæjarhólinn rennur lækur niður brekkuna og annar lækur er fast sunnan við bæjarhólinn. Ekki er ólíklegt að talsvert af mannvistarleifum leynist undir sverði á hólnum og nánasta nágrenni hans. Sérstaklega er austurhluti bæjarhólsins ræktarlegur. Órækt er í bæjarhólnum til vesturs. Túnin umhverfis bæjarhólin eru komin í mikla órækt. Þau eru þýfð og á kafi í grasi og í raun ófær.



Núverandi bæjarhús á Hamri EY-179:001. Á mynd til vinstri til suðvesturs en til NNA á mynd til hægri

Bæjarhóll er greinilegur og er hann 36 X 32 m stór. Hann er mest um 1,5 m á hæð. Engin ummerki sjást um eldri bæjarhús á hólnum. Gamla bænum var skipt í suðurhús, baðstofu, eldhús og fjósið nyrst. Samkvæmt Fasteignamati frá 1918 stóðu þá eftirfarandi hús á staðnum: "Baðstofa 14 x 6 ál. búr 5 x 4 ál, eldhús 5 x 5 ál, fjós yfir 4 kýr [sjá 002 og mögulega hefur hesthúsið verið hluti af sömu byggingu], fjárhús yfir 140 kindur [eitthvert af húsunum 003-005], hesthús yfir 3 hrosss, hlöður yfir 150 xxx." Samkvæmt fasteignamatinu (svörum við spurningum) voru bæði bæjarhús og peningahús úr torfi og grjóti en eitt framhýsi að mestu úr timbri og hús "afar ljéleg". Kálgarður var fast sunnan við gamla bæinn samkvæmt túnakorti frá 1917 en engin ummerki sjást heldur um hann nú.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917, Fasteignamat 1918, nr. 313

EY-179:002 þúst fjós 522345 605237
Fjós var fast suðaustan við bæ 001, við bæjarlækinn. Það var merkt inn á túnakort frá 1917 en engar leifar þess sjást nú á yfirborði. Fjósið hefur verið nálega þar sem fánastöng er nú 2019. Þar er hæð í sléttaðri grasflötinni. Við lækinn (í sniði) má sjá glitta í hleðslu barmi lækjarins.




Á mynd til vinstri er horft yfir það svæði þar sem fjós EY-179:002 stóð og fánastöng er nú (horft til NA) en á mynd til hægri er horft á hleðslur í lækjarfarveginum í jaðri sömu hæðar.

Húsið sem þarna stóð hefur í raun staðið enn hærra en sjálfur bærinn á bæjarhólnum. Myndarlegur grænn hóll er þar sem fjósið var áður. Hóllinn er hluti af bæjarhólnum og sá hluti hans er rís hvað hæst. Þessi hluti er um 14 x 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er 0,8 m á hæð og er fremur sléttur í toppinn. Fast sunnan við hólinn rennur lækjarspræna og sést í hleðslu hólmeginn við lækinn en ekki er ljóst hvort það eru ummerki um síðustu bygginguna á þessum stað eða yngri hleðsla.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917

EY-179:003 heimild um útihús 522326 605291

Um 20 m vestan við bæinn 001 og eilítið neðar (norðar) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Samkvæmt loftmynd sem tekin var af svæðinu 1970 stóðu þá enn hús á sama stað en öll ummerki um þau eru nú (2019) horfin. Húsið hefur verið þar sem nú er grasflöt norðvestan við íbúðarhúsið. Nokkurt sléttlendi er þar sem það stóð en almennt er svæðið í halla til norðurs.



Ummerki um útihús EY-179:003 eru horfin af yfirborði. Á loftmynd til vinstri (frá 1970) sést móta fyrir því húsi sem stóð síðast á umræddum stað en á drónamynd til hægri er sama staðsetning sýnd á svæðinu eins og það er nú

Húsin hafa staðið þar sem nú er órækt norðan í bæjarhólnum. Á þessum slóðum vex njóli og engar leifar fundust um hús á þessum slóðum þegar svæðið var skráð í október 2019. Af túnakorti frá 1917 að dæma var húsið sem þá stóð um 11.5 x 13 m stórt en af loftmynd frá 1970 má sjá að þá stendur þarna aflangt hús sem náð hefur talsvert lengra til austurs en húsið sem merkt er inn á eldra túnakort. Af loftmyndinni að dæma hafa húsin verið um 25 x 8 m stór og snúið h.u.b. austur-vestur. Engin ummerki fundust um þau í njólabreiðunni en ummerki um húsið gætu leynst neðan svarðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1917, Loftmynd LMÍ 1970, Svæði nr: 62 - Árskógsströnd - Dalvík.

EY-179:004 heimild um útihús 522457 605244

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m austan við Hamarsbæ 001. Húsið hefur staðið þar sem nú er grasflöt umhverfis sumarbústaðinn Grástein, umkringd trjám skammt austan við Hamar.

Á þessum slóðum voru tvö hús 004 og 005 og voru þau bæði fast vestan við túngarð. Nú er (eins og áður kom fram) þarna sumarbústaðalóðin Grásteinn. Þar er grasflöt þar sem byggður hefur verið sumarbústaður, geymsluskúr og fleira því tengt.

Útihús 004 var ofar eða um 15 m ofan (sunnan) við hús 005. Þar sem það var er nú sléttað



Ummerki um útihús EY-179:004 eru horfin af yfirborði en áætluð staðsetning þeirra er gróflega sýnd á drónamynd til vinstri. Á mynd til hægri er sama svæði ljósmyndað á jörðu niðri, horft til suðurs

tún og skógrækt í kring. Grjóthleðsla er inni í skógræktinni á þessum stað en hún virðist nýleg og tengd yngri framkvæmdum á svæðinu þótt hugsanlegt sé að hún byggi á staðsetningu eldra húss.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917

EY-179:005 þúst útihús 522465 605263
Útihús var, samkvæmt túnakorti frá 1917, rúmum 100 m austan við bæ 001 og eilítið neðar (norðar). Húsið hefur verið nálega þar sem sumarbústaðurinn Grásteinn er nú í hlíðinni. Það hefur verið þar sem túngarðurinn sveigði áður svolítið úr NNA til NNA en engin merki sjást lengur um túngarðinn á þessum slóðum.

Á þessum slóðum voru tvö hús 004 og 005 og voru þau bæði fast vestan við túngarð. Nú er sem fyrr segir sumarbústaðalóðin Grásteinn. Þar er grasflöt þar sem byggður hefur verið sumarbústaður, geymsluskúr og fleira því tengt. Útihús 005 virðist hafa staðið nálega þar sem sjálfur sumarbústaðurinn stendur nú.



Ummerki um útihús EY-179:005 eru horfin af yfirborði. Á drónamynd til vinstri er horft yfir það svæði þar sem húsið var áður samkvæmt túnakorti en sumarbústaður stendur nú á sama stað. Á mynd til hægri er horft til suðurs, á sumarbústaðinn og hæðina þar sem hann stendur.

Á þeim stað sem húsið var er nú sumarbústaðurinn Grásteinn, landnúmer L151924. Samkvæmt upplýsingum úr fasteignamati var bústaðurinn byggður 1993 en viðbygging við hann 2011. Svæðinu eru talsvert umturnað og erfitt að ráða í hvort eitthvað af þeim mannaverkum sem nú sjást í kringum bústað og undir honum kunni að vera eldri eða séu einfaldlega allt rask í tengslum við bústaðarbyggingu. Á loftmynd frá 1970 virðist mega greina hól eða þúst á þessum sama stað, þá 24 x 14 m stórt og sneri NNA-SSV. Hæð er á sama stað nú (2019) og er bústaðurinn byggður ofan í hana en ljóst er að ef einhverjar leifar af upprunalegri hæð eru þarna þá er eru þær mikið umturnaðar. Lítil hleðsla hefur verið gerð við suðausturhorn bústaðar og þar settur niður rabbabari og hleðslu má einnig greina í norðanverðum hólnum án þess að nokkurt rústalag sé þar að finna.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917

EY-179:006 frásögn hlutverk óþekkt 522494 605376
Jón Guðmundsson heimildamaður sem rætt var við fyrir skráningu 2002 mundi vel eftir tóftum sem voru tæpum 200 m norðaustan við bæ 001, innan lóðamarka sumarbústaðalóðarinnar Hamarskots 2/Hamar lóð 6 (landnúmer L195971) en þar er nú sumarbústaður og geymsla og samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá hafa byggingar á lóðinni risið á árunum 2000-2011.

Tóftirnar voru nálega 100 m neðan við útihús 005 og hafa verið fast norðaustan (og utan) túnamarka eins og þau voru í upphafi 20. aldar. Á þessum slóðum er nú sumarbústaður og lóð umhverfis. Stór pallur er við bústaðinn og stórt bílaplan fyrir sunnan hann. Lítill skúr er einnig skammt vestan hans. Allt í kring er þétt skógrækt. Engin ummerki sjást nú um tóftina enda svæðið

mjög raskað.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:007 *Grásteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður 521863 605455
"Vestanvert í háhamrinum liggi merkin eftir Merkjasteinum. Þeir eru 3, og svo Grásteinn, sem er á merkjum gegnt Skáldalæk. Þar var mikill huldufólksbústaður að sögn gamals fólks," segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Við merkin milli Hmars og Skáldalækjar er stór steinn, sem Grásteinn heitir. Sagt er, að í steini þessum hafi búið huldufólk, og þykjast menn hafa séð ljós í honum,“. Nú er steinninn í landi Hamars en merkjagirðing er um 30 m vestar. Steinninn er 250 m austan við íbúðarhúsið á Skáldalæk. Þótt steinninn sé nærri merkjum er hann eins og áður segir um 30 m vestan við merkjagarð og -girðingu. Í lyngivöxnum móa.




Grásteinn EY-179:007, horft til norðurs

Steinninn er einstakur í landslaginu. Hann er 2,5 m á hæð en 4 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Svarf, 251og Ö-Hamar, 1-2.

EY-179:008 *Höllukot* heimild um býli 522411 605433
"Neðst í túninu á Hamri hét áður Höllukot, og þar voru greinilegar húsatóftir áður en það var brotið til ræktunar," segir í örnefnaskrá Svarfaðardals. Ekki er nú vitað hvar býlið stóð nákvæmlega en neðsti hluti þess var nefndur Skottið. Samkvæmt Jóni Guðmundssyni sem rætt var við fyrir skráninguna sem gerð var 2002 var býlið líklegast á Skottinu 150-200 m norðan við bæ 001 en vegaslóði að sumarbústaðabyggð liggur nú yfir það. Ekki eru greinilegar tóftir á þessum slóðum en ekki er óhugsandi að tóft 006 gæti tengst þessu koti eða ógreinileg þúst 045 en hvort tveggja er þó í raun austan við skottið og hið eiginlega tún Hamars þannig að það var ekki talið mjög líklegt. Sléttað tún sem ekki er lengur slegið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Svarf, 251

EY-179:013 *Beinir* þjóðsaga legstaður 522687 522687
"Utan og neðan við túnið kallast Klofar. Vestan við það er Góðaholt, en austur af þeim er Beinhóll og suður af honum Kofamelur,"segir í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar og síðar í sömu lýsingu segir: „Gömul munnmæli hermdu, að „tveir litlir haugar á flatanum milli Hamars og Hrísa" hefðu heitið Beinir og Hausi. Þar áttu þrælar tveir, Beinir og Hösver, að vera heygðir. Gríma III, 54. Þessi örnefni eru ekki í lýsingu Hamars eða Hrísa. Geta mætti þess til, að Beinir hefði á síðustu áratugum kallazt Beinhóll, og ætti þá hinn hóllinn að vera skammt frá. Í örnefnalýsingu Jóhannesar Óla Sæmundssonar: „Talsvert stór um sig, flatur að ofan, bratt upp á hann að vestan og norðan, að sunnan hallar landinu út á hann, að austan örlítill ávali upp á hólinn. Ekki er þarna um neina dys eða kumla að ræða sem sjáanleg séu nú. Gæti ekki verið að þarna [sé] Beinir?," segir í örnefnakskrá. "Í III hefti þjóðsagnasafnsins Grímu er getið um hauga tvo "á flatanum milli Hamars og Hrísa. Heita þeir Beinir og Hausi," Í Grímu er sagt frá Ingólfi Bjarmalandsfara sem átti að hafa reynt að fá land í Svarfaðardal til eignar síðla á landnámsöld en án árangurs. Hann á að vera grafin í Ingólfshóli í Sökkulandi en þrælar hans tveir í hólnum Beinir og Hausi. - "Aldrei hef ég heyrt nefnda þá tvo hauga sem á milli Hamars og Hrísa eiga að vera [sbr. þó 100:012]." Bréf Árna Antonssonar á Hrísum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Guðmundssyni er Beinir sá hóll sem er um 350 m ofan



Uppmæling á hólnum sem hugsanlega er talinn Beinir EY-179:013 og þúst á hólnum til vinstri. Til hægri er sami hóll myndaður með dróna.

við þjóðveg en 40 m vestan við sumarbústað. Hóllinn er utan eða austan við Hamar en ekki er hægt að segja að hann sé "upp frá" Hamarstúninu eins og sagt er í örnefnaskrá. Hóllinn er fast 340 m ANA við Hamarsbæ 001 en fast ofan eða sunnan við vallargarð og umfangsmiklar tóftir EY-100:010. Hóllinn er að mestu innan sumarbústaðalóðar en suðurendi hans nær örlítið suðurfyrir lóðamörk.Hóllinn er þýfður og lyngivaxinn að upplagi en nú hefur mikil skógur verið gróðursettur í hann (lerki og fleiri tegundir) og öllu umhverfi hans umturnað.



Ljósmynd af þústinni á Beinir EY-179:013, eins og sjá má á myndinni þrengir skógurinn talsvert að minjunum. Horft til VSV

Undir þessu númeri er skráður sjálfur hólinn 01 og þúst sunnarlega á honum 02. Hóllinn er um 80 x 60 m stór og snýr VNV-ASA. Hann er 2-3 m á hæð, sléttur eða flatur í toppinn en

hliðar hans eru brattar. Ekki sjást augljós merki um möguleg kuml en erfitt er þó að leita af sér gruns sökum þess mikla gróðurs/trjáræktar sem þar er. Sunnarlega á hólnum eru greinilegar mannvistarleifar. Um er að ræða einhvers konar tóft eða þúst sem skipta má í tvennt en allt í kring og inn í tóftina hefur verið gróðursett. Sunnar er tóft sem stendur nokkuð hærra, er 11 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Hún virðist einföld um 7 x 2,5 m að innanmáli og ekki er greinilegt op á hana. Til norðurs frá umræddri tóft er önnur þúst sem í raun er sambyggð en ennþá ógreinilegri. Útveggir eru þó mjög afgerandi en innri brún veggja á köflum óskýr, nema helst til norðurs. Þústin er 13,5 x 9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hennar er óskýrt en áætla má að það hafi hugsanlega skipst í tvö hólf,bæði þá gróflega áætluð 4,5 x 5 m að stærð. Ekki er greinilegt op á þústina. Veggir eru breiðir og lyngvaxnir, 1,5 m á breidd og 0,4-0,7 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Dalv, 345, Ö-Hamar, 2-5, Bréf Árna Antonssonar á Hrísum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967 og Gríma V. bindi, 7-9 og Gríma III. bindi, 54

EY-179:015 garðlag túngarður 522392 605174
Túngarður var umhverfis tún á Hamri. Hann hefur markað af tún sem eru 280 x 190 m stór og snéru norður-suður. Garðurinn er nú að talsverðu leyti horfinn en þó sést hluti hans enn í suðurjaðri túna. Sléttuð tún eru innan (norðan) garðsins en sunnan hans er lyngi- og grasi vaxinn mói.


Svo virðist sem norðurhluti túngarðs sem og austurhlið hans sé nú alveg horfin af yfirborði.



Túngarður EY-179:015. Á drónamynd til vinstri er horft til VSV og suðurhlið túngarðsins sést þar vel. Á mynd til hægri sést lítill parturnorðaustarlega við vegarslóða að sumarbústöðum.

Sunnan við bæ er hins vegar garður. Þar virðist sem forngarður 180:006 hafi verið endurbyggður í suðurjaðri túns. Sá kafli, sem er ríflega 20 m ofan við bæinn er mjög skýr á tæplega 160 m kafla frá læknum vestan við bæ. Op er á garðinum beint ofan við bæ 001 og hefur heimreiðin frá bænum, sjá 025, legið þar í gegn. Um 45 m austan við opið hefur garðurinn beygt niður hlíðina og má sjá móta fyrir honum á þessum kafla á loftmyndum sem teknar eru um og upp úr 1970. Þá má greina hvar garðurinn hefur legið niður hlíðina í um 120 m til norðausturs en þá beygt lítillega og legið áfram til NNV í um 120 m til viðbótar áður en hann verður ógreinilegur. Þessi síðasti hluti hefur verið þar sem vegaslóði að sumarbústaðalóðum er nú eða fast vestan hans og má þar mögulega greina óljósan hrygg á kafla. Mestur hluti austurhliðar er hins vegar horfinn í rask vegna sumarbústalóðar Grásteins. Þar hafa tvö útihús 004 og 005 verið byggð upp við túngarðinn innanverðan en ofan við bæinn og utan túngarðs var kálgarður 016. Nokkru austar við sömu hlið var einnig skráð ógreinileg þúst 017 utan við tún og upp við garð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-179:016 gerði kálgarður 522320 605214
Rúmum 30 m sunnan (ofan) við bæ 001 er enn greinilegar leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Kálgarðurinn er fast utan við (sunnan við) garðlag 180:006/179:015.
Sléttuð tún eru innan (norðan) garðsins en sunnan hans er lyngi- og grasi vaxinn mói.
Kálgarðurinn er byggður upp við túngarð að sunnan og myndar garðurinn því norðurhlið hans.
Gerðið er 25,5 X 11 m að stærð og er tvískipt. Hleðslan umhverfis hann er aðeins 0,4 m há



Kálgarður EY-179:016. Til vinstri er uppmæling af kálgarðinum en til hægri drónamynd af sama stað, horft til suðurs

en 1 m á breidd og fremur óverulegur. Hann er vaxinn elftingu. Innan í þessum hluta er hár gróður og er kálgarðurinn í talsverðri órækt. Vestari hluti garðsins 15 x 9 m stór en ekki er greinilegt op á honum. Austan við þetta hólf er annað minna en mörkin á milli eru reyndar fremur óskýr.




Kálgarður EY-179:016, horft til austurs

Austara gerðið er 5-6 m á kant að innanmáli. Á austara hólfið er líkt og hafi verið op á suðurvegg miðjum, allt að 1,5 m á breidd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917

EY-179:017 þúst óþekkt 522383 605173
Ógreinileg þúst virðist byggð upp við garð 179:015/180:006 að sunnanverðu, rúmum 80 m SSA við bæ 001. Þústin er skammt vestan við þar sem túngarðurinn hefur beygt í næstum 90° til SSA. Barrtrjám hefur verið pantað í garðinn sunnanverðan á þessum slóðum. Á bilinu 1-5 m sunnan við garðinn rennur lítill lækur á kafla. Þústin er á milli hans og garðs.

Þústin er mjög ógreinileg og ekki fullvíst að um mannvistarleifar sé að ræða þótt lag hennar



Þúst EY-179:017. Til vinstri er uppmæling af staðnum en ljósmynd til hægri (horft til NNA)

bendi helst til þess að svo sé. Þústin er 10 x 6.5 og snýr ASA-VNV samsíða garðlagi. Garðlagið myndar norðurhlið þústar en auk þess samanstendur hún af L-laga vegg sem myndar suðurlangvegg og vesturvegg upp að garði. Hugsanlega hefur veggur verið fyrir austurhlið en hann er fremur óskýr og hlaupinn í þúfur. Breidd veggja er 1,5 m en hæð 0,3 m. Innanmál er um 5-6 x 1-2 m. Op kann að hafa verið á vesturvegg það er of óljós til að hægt sé að fullyrða um það.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

EY-179:018 gerði óþekkt 521902 605318
Allstórt, fornlegt gerði er í innanverðu horni sem myndast milli Sveitalangs 180:006 og landamerkjagarðs 178:013 milli Hamars og Skáldalækjar. Sá garður sést reyndar ekki lengur þarna í horninu en fallin girðing er á merkjum. Gerðið er um 410 m VNV við bæ 001 og fast NNV við forngarð 020. Hlutverk þess er ekki þekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

Gerðið er á flötum stalli í aflíðandi halla til NNV. Allt í kring er stórþýfður lyngmói og nokkuð afgerandi en slétt lægð er ofan/sunnan og austan við gerðið. Frá gerðinu sést vítt um nema til suðurs. Þó að gerðið sé mjög sigið og gengið í þúfur er hægt að greina innri og ytri brúnir veggja




Gerði EY-179:018 og 020 uppmæld til vinstri. Á ljósmynd til hægri er gerði 018, horft til NNA

þess ef norðvesturhlutinn er undanskilinn. Þar er ekki hægt að greina innri brún veggja og ytri brúnin er varla greinanleg. Gerðið er hringlaga, um 17x27 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggjahleðslur eru 2-2,5 m á breidd og hæstar á suðurhlið þar sem þær eru 0,5-0,6 m á hæð. Mjög stórþýft er innan gerðisins en þar sjást ekki nein mannvirki. Þó má nefna að á miðri innanverðri suðurhlið gerðisins virðist vera lítið hólf sem er að öllum líkindum aðeins þúfnamyndun. Á þeim stað er einn stór jarðlægur steinn sem er hluti af gerðinu. Hvergi annarsstaðar sést í grjót og er gerðið að líkindum torfhlaðið. Mögulega hefur VSV-enda þess verið raskað lítillega þegar girt var á merkjum en fallin girðingin er fast VSV við gerðið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:019 þúst hlutverk óþekkt 522648 605146
Lítil þúst er um 320 m ASA við bæ 001 innan lóðamarka Lóðar 7 þar sem nú er risinn sumarbústaður. Þústin er 5 m vestan við girðingu sem virðist á svipuðum slóðum og austurmörk deiliskráningarreits. Hlíð í halla til norðurs. Nokkur trjárækt er nærri sumarbústað og norðurmörkum lóðar. Talsvert er um melhóla á þessum slóðum en skammt austan við hæðina sem þústin er á er grasi gróið lækjargil í annars lyngivöxnum móa. Þústin er undir háu holti og er á lágri hæð í eins konar sundi utan í holtinu. Þústin er allra nyrst á hæðinni.

Þústin er á mörkum þess að vera greinilegar mannvistarleifar. Hún virðist þó helst til of



Þúst EY-179:019 uppmæld til vinstri en á ljósmynd af þústinni til hægri er horft til NNA

regluleg til að geta verið náttúrusmíði. Hún er lyngivaxinn og engar grjóthleðslur sjást í henni. Þústin er einföld og um 5 x 4.5 m stór norður-suður. Hún er fremur hringlaga. Í henni miðri er dæld sem er ríflega 1 m í þvermál. Ekki er greinilegt op á þústinni. Holtið sjálft er um 1 m hærra en umhverfið en sjálf þústin er aðeins 0,1-0,2 m hærri en holtið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin gæti hafa gengt en hún er leifar einhvers konar kofa eða stakks. Hugsanlegt er að hún sé móstæði en ekki er vitað um mógrafir skammt frá. Hugsanlegt er einnig að smalakofi gæti hafa verið á þessum stað en yfirsýn af staðnum er þó ekki góð nema til norðurs og norðvestur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:020 tóft+garðlag vörslugarður 522008 605318
Út við merki milli Hamars og Skáldalækjar er fornlegur garður litlu neðar og norðar en Sveitalangur



Gerði EY-179:020. Á mynd til vinstri er horft til VNV en til ANA á mynd til hægri.
Fyrir uppmælingu gerðisins sjá fornleif EY-179:018.



Yfirlitsmynd yfir það svæði þar sem minjar EY-179:018, 020, 022 og 026 eru, horft til VSV

180:006 og liggur samsíða honum. Hann virðist hafa legið af landamerkjagarði 178:013 til austurs en tengslin sjást ekki lengur vegna rofs og gamallar girðingar sem er á merkjum. Ekki er útilokað að þessi garður hafi haldið áfram yfir í land Skáldalækjar til vesturs. Þrjú mannvirki virðast sambyggð innanverðum garðinum og eru þau skráð með honum. Garðurinn er 270 m VNV við bæ 001 og garður 022 liggur af vesturenda hans til norðausturs en virðist ekki samtíða honum. Ætla má að garðurinn hafi gegnt hlutverki vörslugarðs. Aðeins eru 5-20 m á milli þessa garðs og Sveitalangs. Garðurinn liggur þvert á aflíðandi halla til NNV í stórþýfðum lyngmóa.

Garður 020_1 er mjög siginn og ógreinilegur í stórþýfum móanum. Hægt var að fylgja honum á tæplega 200 m löngum kafla þar sem hann liggur frá vestri til austurs á milli landamerkjagarðs 178:013 og garðlags 180:005 sem afmarkaði tún og engjar Hamars (skráður með Hamarskoti). Garðurinn er greinilegastur í vesturenda en verður mjög ógreinilegur þegar komið er austur fyrir meinta tóft 020_4. Þaðan liggur garðurinn í lítt afgerandi hlykkjum þar til hann hættir

að sjást vestan við garð 180:005. Garðurinn er 2-3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð í vesturhluta en litlu hærri í austurhlutanum eða 0,5 m. Í vesturenda garðsins er flatur stallur 020_2 sambyggður norðurhlið hans. Stallurinn er 4,5x6 m að stærð, ef garðurinn er undanskilinn, og snýr austur-vestur. Ekki mótar fyrir innanmáli á stallinum. Hann er 0,7 m hár að norðan- og austanverðu en mörk hans eru óljós til vesturs og suðurs. Þríhyrnd tóft 020_3 er 7 m austar. Hún er 13,5x6,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er breiðust í austurenda og mjókkar til vesturs, þar sem hún er 1,5-2 m á breidd innanmáls. Ekki er skýrt op á þessari tóft og hún virðist vera einföld. Innan hennar er stórþýft en ekki er útilokað að það sé veggur í tóftinni miðri sem skiptir henni í tvo aðskilda hluta. Ytri brún NNV-veggjar er ríflega 1 m á hæð en það ýkir sennilega hæð hennar að tóftin er hlaðin á lága brún ofan/sunnan við slétta lægð. Garður 022 liggur yfir þessa tóft og tengist garði 020_1. Hann er því yngri en þær minjar sem hér eru skráðar. Önnur meint tóft 020_4 er áföst garði 020_1 að norðanverðu um 24 m ANA við tóft 020_3. Ekki er útilokað að einungis sé þarna um stórþýfi að ræða. Tóftin er einföld og 8,5x4,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Mögulega er op á henni í NNA-horni. Þar eru veggir lægstir eða 0,2-0,3 m á hæð en hæstir eru þeir 0,6 m, næst garðinum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:021 vegur leið 522590 605234
Þjóðleið lá áður frá Hálsi, um Hamarsland ofan eða sunnan við túnin í Hamri og svo áfram til suðurs Hálsinn og inn Svarfaðardal vestanverðan, ofan túna í Sökku og Ölduhrygg en í gegnum túnið á Völlum og fleiri jörðum og svo áfram inn dalinn. Þessi leið liggur yfir þann reit sem deiliskráður var haustið 2019 austanverðan. Göturnar eru merktar inn á Íslandskort frá 1933.
Innan deiliskipulagsreits liggja göturnar upp lyngivaxna hlíð í aflíðandi halla til norðurs. Á síðustu áratugum hefur svæðinu mikið verið breytt og þar risið talsverð sumarhúsabyggð, vegir lagðir og margvíslegt frekara rask tengt bústaðabyggðinni átt sér stað. Auk þess er þar nokkuð um skógrækt.

Þjóðleiðin hefur legið yfir deiliskipulagsreitinn sem tekinn var út haustið 2019



Ummerki um leið EY-179:021 voru mjög fjölbreytileg innan skráningarsvæðis. Sum staðar sáust reiðgötur eða niðurgrafinn slóði (sjá mynd til vinstri, horft til NA) en sum staðar sáust ummerki um upphlaðinn veg (sjá mynd til hægri – horft til NNA)



Leið EY-179:021 sýnd með rauðum lit ofan á Íslandskort frá 1933. Eins og sést á kortinu greindist leiðin í tvennt (sjá einnig 049) en leið 021 er sú vestari af leiðunum tveimur og lá áfram til suðurs inn Svarfaðardal. Leiðin sem teiknuð er beint upp af Íslandskortinu er sýnd með rauðum lit en þau ummerki sem fundust innan deiliskráningarreitsins eru auðkennd með gulri brotalínu

suðaustanverðan og er um 400 m löng innan marka deiliskipulags. Sumstaðar eru leifar af malarveg á þessum kafla en annars staðar sjást reiðgötur og sumstaðar eru bæði malarvegur og reiðgöturnar samsíða. Hér verður leiðinni lýst innan skipulagsmarka og hefst lýsingin nyrst á svæðinu. Fast norðan við deiliskipulagsmörk hefur vegurinn legið á svipuðum slóðum og vegur að sumarbústaðalóð nr. 1 í Hamarslandi en þegar kemur inn á deiliskipulagssvæðið má sjá ummerki um veginn þar sem hann hefur legið þvert í gegnum lóð nr. 1 allra austast á sumarbústaðasvæðinu og er sá hluti nefndur 01 í lýsingu þessari til aðgreiningar. Á þessum kafla hefur hann legið norðvestan við tjörn og þar er hann eins og upphækkun við tjarnarendann og er í raun notaður eins og stífla eða aðhald fyrir þá manngerðu tjörn sem er við sumarbústaðinn. Á þessum stað er vegurinn eins konar hryggur sem er 0,6 m hærri en umhverfið og 3 m á breidd og sléttur í toppinn. Vegurinn hefur legið til SSV upp brekkuna sunnan við bústaðinn, en þar er nú þéttur skógur í austurjaðri hólsins Hausa 179:013. Á þessum slóðum er þó enn göngustígur þar sem gamli þjóðvegurinn lá. Umræddur kafli er um 80 m langur. Næsti hluti leiðarinnar, 02, liggur frá lóðamörkum sumarbústaðalóðar 1 og yfir sumarbústaðarlóðir nr. 4 og lóð sem nefnd er "Hamarskot" í opinberum gögnum og er samtals um 130 m langur. Þar sem gatan liggur upp úr sumarbústaðalóð nr. 1 er hún greinanleg sem stígur í landið en ofan við bústaðinn sem er á lóðinni "Hamarskoti" tekur við malarvegur NNA-SSA að bústað á svipuðum slóðum og eldri vegur var. Á þessum slóðum sjást þó að auki talsvert af götupöldrum austan við malarslóðan og miklir hryggir á milli þeirra sem einna helst líkjast sundurriðnum garðlögum. Göturnar liggja til suðurs frá bílastæði við sumarbústaðinn á lóðinni og skáhalt til SSV upp brekkuna og liggja um lyngivaxinn móa. Á þessum slóðum sést talsverður fjöldi samsíða slóða í svolítilli lág milli mela. Þar sem mest er sjást fimm samsíða slóðar sem verða ógreinilegri eftir því sem ofar dregur. Sú gata sem er

umfangsmest er 0,8 m á breidd og 0,3 m á dýpt. Þarna er talsverð skógrækt, m.a. ofan í slóðunum og allt í kring. Þessi hluti gatanna liggur að raski við sumarbústaðalóð nr. 6 og hverfur þar á stuttum kafla í bílastæði rask tengd sumarbústaðnum. Ofan við áðurnefnt bílastæði við bústaðalóð nr. 6 má aftur greina göturnar (leið 03) og eru þær nokkuð greinilegar frá bílastæði og til SSV á um 60-70 m kafla. Á þessum slóðum eru göturnar nokkrar saman og nokkuð afgerandi og minna á köflum á sundurgrafin garðlög. Þær liggja langleiðina að bílastæði við sumarbústaðalóð nr. 7 en hverfa þar á kafla í rask. Þess má geta að á sömu slóðum hefur forngarður 179:050 legið norðaustur-suðvestur og forngarður 180:005 legið beint niður (til norðurs frá honum) en báðum garðlögum er raskað á þessum slóðum og hafa horfið í veg og bílastæði. Því er ekki augljóst hvort göturnar hafa farið þvert á vallargarðinn.



Tvær drónamyndir sem sýna ummerki eftir gömlu leiðina (EY-179:021). Á mynd til vinstri má sjá slóða sem liggja skáhalt yfir móann og hverfa svo undir veg en á mynd til hægri eru má greina gömlu göturnar vinstra meginn við vinstri slóðann og halda áfram í framhaldi af honum upp brekkuna.

Efsti eða syðsti hluti þjóðleiðarinnar sem er innan þess svæðis sem skráð var haustið 2019 fær hér númerið 04. Hann er ofan við Sumarbústaðalóð nr. 7 í Hamarslandi og er um 90 m langur áður en komið er að skipulagsmörkum. Þarna eru óljósar götur sem liggja til SSV og út úr deiliskipulagsreit. Á þessum slóðum liggja göturnar um lyngivaxinn móa. Einhver skógrækt er þarna í kring en ekki ofan í götunum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Uppdráttur Íslands, kort 62, mælt 1931 útgefið 1933

EY-179:022 garðlag vörslugarður 521955 605335
Undir þessu númeri eru skráð nokkur óljós og fornleg garðlög ofan við hitaveitu Dalvíkur en líklegast er að þeir hafi verið einhvers konar vörslugarðar. Allra vestast er garður liggur til norðausturs af vestasta hluta garðs 020_1, skáhallt niður aflíðandi hlíð sem hallar til NNV. Greinileg ummerki um garðinn hætta að sjást ofan/sunnan við mógrafir 026 og 330 m norðvestan við bæ 001. Garðurinn liggur um þýfðan lyngmóa.

Frá garði 020_1 liggur garður _01 sem hér er skráður fyrst til norðurs á 15 m kafla, yfir



Garðir EY-179:022. Á mynd til vinstri er horft til ANA en til ASA á mynd til hægri

meinta tóft 020_3 og meðfram sléttri lág sem er vestan við hann. Þá beygir hann til norðausturs á



Yfirlitsmynd yfir það svæði þar sem minjar EY-179:018, 020, 022 og 026 eru, horft til VSV

37 m löngum kafla þar sem hann sést nokkuð greinilega. Þaðan er erfitt að greina garðinn (sjá 02) en þó sést hann áfram á 78 m löngum kafla. Ekki er hægt að rekja hann áfram með vissu en óljós ummerki um garðhleðslu eru litlu norðaustar og benda þau til þess að garðurinn sveigi til suðausturs og stefni að garði 180:005. Nokkru ofan við þann hluta sem hér er nefndur 02 eru enn óljósari ummerki 03. Garður 03 liggur frá austri til vesturs en á honum er afgerandi sveigur til suðurs. Hann er 30 m langur og er neðri/nyrðri brún hans nokkuð afgerandi. Efri/syðri brúnin er mun óljósari. Garðurinn er um 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi garður hefur

gegnt en hann kann að hafa tengst öðrum görðum á svæðinu. Garðurinn er siginn og genginn í þúfur. Hann er 2-2,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð í suðvesturenda, þar sem hann er greinilegastur. Austan við þvergarð 180:005 er óljóst garðlag _04 sem gæti verið framhald af 179:022_02 og liggur til austurs ofan við Hamarskot. Það er ríflega 20 m norðan við forngarð 180_006 en garðlagið er á mörkum þess að geta talist sannfærandi mannvirki. Garðurinn virðist liggja frá mörkum lóðar sem afmörkuð var um hjólhýsi í Hamarskoti (en það hefur nú verið fjarlægt) - og að stórum stakstæðum steini í hlíðinni rúmlega 20 m vestar en verður ógreinilegur eftir það. Þýfður lyngmói í aflíðandi halla til norðurs. Trjágróður hefur verið settur niður í austur. Garðlagið er vart meira en hryggur í móanum, ríflega 20 m langur og 2.5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Það liggur VNV-ASA. Í framhaldi af honum má greina línu landinu í brekkunni sunnan við hjólhýsasvæðið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:023 heimild um kálgarð 522382 605196
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 50 m suðvestan við bæ 001. Kálgarðurinn var um 12 m norðan við norðurmörk gamla túnsins. Kálgarðurinn var innan við 20 m sunnan við greinilega súrheysgryfju 029 sem er í austanverðu túni Hamars. Á þessum slóðum er þétt skógrækt og talsverð órækt allt í kring. Líklegast hefur kálgarðurinn verið þar sem er örlítil hæð eða stallur í flatlendinu (þó vart merkjanleg), en ekki sjást leifar um garðinn lengur. Líklegt er að garðurinn hafi horfið í túnrækt en ummerki hans hafa e.t.v. endanlega verið afmáð með skógrækt. Á svæðinu er mest af birki og greni. Af túnakortinu að dæma hefur kálgarðurinn verið um 10 x 6 m stór og snúið ASA-VNV.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-179:024 tóft hlutverk óþekkt 521945 605376
Lítil tóft er um 60 m suðvestan við lóð Hitaveitu Dalvíkur, 400 m norðvestan við bæ 001 og 40 m norðvestan við garðlag 022. Tóftin er í stórþýfðum móa sem vaxinn er grasi og lyngi og er í aflíðandi halla til NNV.

Tóftin einföld og virðist torfhlaðin. Hún er 5x5 m að stærð og er austurhornið grafið inn í um 1 m háa brún. Op er á henni í norðurhorni. Veggir tóftarinnar eru grónir og hvergi sést í



Uppmæling af tóft EY-179:024 til vinstri og ljósmynd af sömu tóft (horft til austurs) til hægri.

grjóthleðslur. Þeir eru 0,3 m á hæð utanmáls en 0,8 m á hæð innanmáls (suðaustur-veggur). Tóftin virðist ekki mjög forn og hlutverk hennar er óljóst. Fast suðaustan við tóftina er mjó torfhleðsla sem ætla má að hafi verið undir netagirðingu sem hefur verið fjarlægð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:025 renna traðir 522340 605239
Heimreiðin að Hamarsbænum 001 er merkt inn á túnakort frá 1917. Hún lá frá suðausturhorni gamla bæjarins, yfir lækinn sunnan bæjar 001, á milli hans og fjóss 002. Hún lá yfir bæjarlækinn á svipuðum stað og nú er göngubrú og tæplega 40 m langa leið til SSV í gegnum túngarð 015 og út úr heimatúninu. Sunnar hefur heimreiðin án efa sameinast þjóðleið 021. Þar sem traðirnar lágu er nú sléttuð grasflöt nærri Hamarsbænum sem nú er notaður til sumardvalar.



Óljós ummerki eftir heimreiðina, EY-179:025 sjást nærri Hamri þegar vel er að gáð. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til v á mynd til hægri.

Op er á túngarði 015 þar sem traðirnar hafa legið í gegn og tveir stólpar eru þar beggja vegna og má ætla að þar hafi áður verið hlið. Þar sem tröðin lá er sléttað tún en lægð eða dæld er í grasflötina þar sem tröðin var næst íbúðarhúsinu á 6-8 m kafla.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917

EY-179:026 náma mógrafir 522007 605388
Allmiklar mógrafir eru upp og suður af lóð Hitaveitu Dalvíkur á fremur flatlendu svæði fast norðvestan við garð 022 og 34 m norðvestan við bæ 001. Innan grafanna er þýft og þar er mikill grasvöxtur og hár puntur. Ofan og sunnan við mógrafirnar er stórþýfður lyngmói í halla til NNV. Framkvæmdir við mannvirki sem tilheyra Hitaveitu Dalvíkur og vegagerð hafa raskað norðurhluta mógafasvæðisins.



Mógrafir EY-179:026, horft til norðurs

Umfang grafanna er orðið illgreinanlegt vegna gróðurs en þær virðast ná yfir svæði sem er 95x60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestasti hluti mógrafasvæðisins (026_2) er þurr og gróinn og fremur grunnur, aðeins eru 0,3-0,4 m af bökkum og ofan í þær. Suðaustar eru mógrafirnar greinilegri (026_1) þar sem þær eru deiglendar og grónar og hér og hvar renna vatnslænur um þær. Á þessu svæði er grafirnar víða 0,5-0,7 m á dýpt, allt að 1 m suðaustast.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:027 náma mógrafir 522086 605526
Ummerki um móskurð eru í víðikjarri NNA við lóð Hitaveitu Dalvíkur, í aflíðandi halla til norðausturs. Minjarnar eru 70 m norðan við mógrafir 034 og 360 m norðvestan við bæ 001. Svæðið sem mógrafirnar eru á er deiglent og nokkuð þýft og renna lækir um það á stöku stað. Innan þess vex mikill gróður; einkum tré og gras. Neðan og norðan við mógrafasvæðið er þurrara mólendi.

Óveruleg ummerki um móskurð eru á svæði sem er um 100x100 m að stærð, breiðast vestast en mjókkar til austurs. Vesturjaðar svæðisins er við hitaveitulögn sem liggur frá Hitaveitu Dalvíkur og líklegt að mótak hafi einnig verið vestan við lögnina þó að þau sjáist ekki greinilega lengur. Mógrafirnar eru ekki samfelldar en óljósar brúnir sjást hér og þar innan svæðisins. Grafirnar eru grunnar, grónar og fremur þurrar. Þær er 0,3-0,6 m djúpar þar sem þær eru dýpstar.



Mógrafir EY-179:027, horft til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:028 tóft hlutverk óþekkt 522056 605336
Einföld, fornleg tóft er á svæði sem er afmarkað af garðlagi 020_1 og meintu garðlagi 052 suðaustan við Hitaveitu Dalvíkur, um 280 m VNV við bæ 001. Tóftin er í stórþýfðum lyngmóa í brekku sem hallar til norðurs.



Uppmæling af tóft EY-179:028 til vinstri og ljósmynd af sömu tóft (horft til NNA) til hægri.

Tóftin er sigin og lyngi vaxin. Hún er um 8,5x6,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. SSV-gafl hennar er hlaðinn inn í brekkuna. Ekki er skýr veggur á NNA-gafli en þó eru óljós ummerki um veggstúf þar en op hefur þá verið í norðurhorni. Hvergi sést grjót í veggjum og hleðsluhæð veggja utanmáls er víðast 0,3-0,5 m. Hæð SSV-veggjar er 0,8 m innanmáls en 0,2 m utanmáls. Langveggur á VNV-hlið er siginn og orðinn óljós í NNA-enda. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:029 gryfja heygryfja 522386 605216
Greinileg gryfja er í austanverðu túni Hamars í um 50 m fjarlægð frá bæ 001. Gryfjan virðist súrheysgryfja. Súrheysverkun hér á landi á upphaf sitt að rekja til síðustu áratuga 19. aldar en verður ekki algeng fyrr en komið er fram á þá 20. Eftir aldamótin 1900 er farið að gera votheysgryfjur úr steinsteypu og setja þök yfir. Sú gryfja sem er í túninu á Hamri er einmitt af slíkri gerð en ekkert er vitað um hvenær hún er gerð nema að það hefur að líkindum verið eftir 1917. Gryfjan er á mörkum þess að geta talist til fornleifa. Hún er þó til marks um búskaparhætti á Hamarsjörðinni sem fór í eyði 1964 og gæti verið frá því fyrir eða um miðja 20. öld. Því var ákveðið að skrá hana með öðrum



Heygryfja EY-179:029. Til vinstri er uppmæling á gryfjubarminum en ljósmynd af gryfjunni (horft niður) er il hægri

búsetuminjum Hamars með fyrirvara um aldur. Á þessum slóðum er þétt skógrækt og talsverð órækt allt í kring. Nánasta umhverfi gryfjunnar er fagurgrænt og ræktarlegt.

Gryfjan er hringlaga en eilítið ílöng og 4 x 3,5 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Hún er niðurgrafin um 1,7 m og steypt. Steypan í gryfjunni er fremur gróf en í henni sést steypujárn á nokkrum stöðum. Austari hluti norður- og suðurhliða og austurhlið gryfjunnar standa ágætlega ennþá en veggir í hinum helmingi gryfjunnar hafa fallið inn að mestu leyti.



Heygryfja EY-179:029. Horft til ASA, úr dróna.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:030 tóft heystæði 522113 605668
Stór, fornleg tvískipt tóft er neðst/nyrst í þýfðu mólendi á milli mógrafasvæða 027 og 031, suðaustan við hitaveitulögn og 460 m norðvestan við bæ 001. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá staðsetningu hennar og gerð er líklegt að um fornt heystæði sé að ræða.

Móinn sem tóftin er í er stórþýfður lyngmói í aflíðandi halla til norðurs og vex þar m.a.

víðir, beitilyng, krækiberjalyng, mosi og hreindýramosi. Í deiglendi neðan/norðan við móann er smáþýft og þar er mikill grasvöxtur og víðirunnar.

Tóftin er 18,5x9,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er sigin og gengin í þúfur



Uppmæling af tóft EY-179:030 til vinstri og ljósmynd af sömu tóft (horft til NV) til hægri.

en sker sig úr þýfinu vegna hreindýramosa sem er meiri á veggjum hennar en annarsstaðar í kring en einnig er þverveggurinn sem skiptir tóftinni í tvö hólf nokkuð afgerandi. Ekki er skýrt op inn í tóftina en helst kemur til greina að þau hafi getað verið á suðurhlið, öðruhvoru megin við þvervegg. Veggir tóftarinnar eru aðeins úr lagi gengnir en innanmál hennar er nokkuð skýrt. Vestara hólfið er 7,5x5,5 m að innnanmáli og snýr eins og tóft. Austara hólfið er 6x4,5 m að innanmáli og snýr líka eins og tóft. Veggir eru 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Hvergi sést í grjót í þeim.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:031 náma mógrafir 522132 605734
Nokkuð skýrar mógrafir eru neðst/nyrst í deiglendi um 65 m norðaustan við tóft 030 og 500 m norðvestan við bæ 001. Norðan við mógrafirnar eru sléttuð tún þar sem mýrlendi hefur verið ræst fram og ræktað og sunnan við þær er þýfður mói. Mógrafirnar eru í grösugu deiglendi í halla til NNA.

Ummerki um móskurð sjást á suðausturjaðri svæðis sem er 66x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Vatn stendur ekki í gröfunum en þær eru fremur deiglendar og grónar. Mógrafasvæðið er nokkuð skýrt afmarkað en þó hefur það sigið saman og brúnir þess eru ekki lengur skarpar. Grafirnar sem teknar voru á svæðinu virðast hafa verið ílangar, legið frá suðvestri til norðausturs. Dýpt þeirra er 0,3-1 m en mörk þeirra sjást ekki til norðurs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mógrafir EY-179:031, horft til VSV

EY-179:032 náma mógrafir 522447 605578

Illgreinanleg ummerki um móskurð eru í þýfðu deiglendi út við norðausturmörk jarðarinnar. Þetta svæði var áður mun mýrlendara en það hefur verið framræst með djúpum skurðum. Mógrafirnar eru 80 m norðvestan við mógrafir 048 og 340 m norðan við bæ 001. Í næsta nágrenni mógrafanna er grasi gróið og smáþýft en talsvert vex af trjágróðri austan við þær (virðist sjálfsáður). Innan mógrafanna er smáþýfðara og þar vex meira af klóelftingu en utan þeirra.




Mógrafir EY-179:032, horft til norðurs

Greina má mörk mógrafa á svæði sem er 25x25 m að stærð. Grafirnar eru innan við 0,5 m á dýpt, þurrar og grónar. Líklegt er að móskurður hafi verið víðar á þessu svæði, á milli mógrafa 051 og 048 og austan við þær. Þær sjást þá ekki lengur vegna gróðurs og framræslu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:033 tóft hlutverk óþekkt 521940 605744

Sigin og grasi gróin tóft er á suðvesturenda ílangs hryggjar VNV við hitaveitulögn, 150 m norðaustan við mógrafir 038 og 620 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er innan beitarhólfs fyrir hross (2019) og því ekki mikill eða hár grasgróður á henni eða í nágrenni hennar.
Stórþýfður lyngmói er næst tóftinni en deiglendara og grösugra er sunnan/ofan við hana.



Uppmæling af tóft EY-179:033 til vinstri og ljósmynd af sömu tóft (horft til NNV) til hægri.

Tóftin er á dálítilli þúst sem kann að hafa myndast úr byggingaleifum eldri mannvirkja á sama stað. Þessi þúst er 10x12 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og er 0,3 m á hæð. Tóftin er 9x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í Norðausturhluta hennar má óljóst greina innanmál hólfs sem er 3,5x2 m að innanmáli og snýr þvert á stefnu tóftarinnar. Ekkert op er inn í það og ætla má að þarna hafi verið heystæði við tóftina. Op er á tóftinni á miðjum suðvesturvegg inn í hólf í suðvesturhlutanum. Hólfið er 4,3x3 m að innanmáli og snýr eins og heystæðið. Innan við opið á hólfinu er útflattur veggstubbur sem er ef til vill aðeins hrun. Hann skiptir þessu rými í tvo jafnstóra hluta. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en líklegt er að þarna hafi

fé verið haft í beitarhúsum um vetur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:034 náma mógrafir 522092 605440
Skýr ummerki um mógrafir eru innan afgirtrar lóðar í kringum Hitaveitu Dalvíkur og norðaustan við hana. Minjarnar eru 30 m norðaustan við mógrafir 026 og 300 m norðvestan við bæ 001. Mógrafirnar eru á grösugu, deiglendu svæði í mjög aflíðandi halla til norðurs. Ofan/sunnan við þær er þýfður lyngmói. Innan Hitaveitulóðar er nokkur trjágróður en mun meira er um hann utan og norðan lóðarinnar og norðvestan við mógrafirnar.

Ummerki um móskurð sjást á svæði sem er 100x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru þurrar og grónar. Þær eru skýrt afmarkaðar að norðvestanverðu og þar eru bakkar þeirra 0,3-0,6 m háir. Nokkurt rask hefur orðið á svæðinu vegna framkvæmda við hitaveitu og vegur að henni liggur yfir mógrafirnar.



Náma EY-179:034, horft til VNV.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:035 kuml? 521703 605774
Út við merki Hamars og Skáldalækjar er bátslaga, mjög fornlegt gerði með afgerandi þúst í miðju og er önnur þúst fast norðan við það. Minjarnar eru á flatlendu svæði um 800 m norðvestan við bæ 001 og 530 m suðaustan við Svarfaðardalsá. Þess má geta að í landi Skáldalækjar er örnefnið Skipalág við norðausturmörk jarðarinnar, litlu norðan við þessar minjar. Því svæði hefur verið umbylt vegna malarnáms og er heystæði sem þekkt var þar horfið af þeim sökum (sjá 178:007). Mögulega stendur örnefnið í tengslum við gerðið og tengdar minjar sem hér eru skráðar en ekkert er hægt að segja um það með vissu.

Minjarnar eru á þýfðum lyngmóabletti en deiglendara valllendi er í næsta nágrenni við hann



Minjar EY-179:035. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs yfir svæðið af jörðu niðri en mynd til hægri er tekin með dróna og horft til austurs



Minjar EY-179:035 uppmældar til hægri en yfirborðslíkan af sama stað til hægri með 45°halla á skuggamyndun. Myndvinnsla: Garðar Guðmundsson

og vex þar hátt gras. Útsýni er gott til norðvesturs að Svarfaðardalsá, til norðurs út á haf, og til norðausturs yfir Hrísey. Ekki sést heim að Hamarsbænum frá minjunum.

Minjasvæðið er 50x18 m að stærð og snýr norður-suður. Bátslaga gerði 035_1 er 41x18 m að utanmáli og afmarkar svæði sem er 38x15,5 m að stærð. Það snýr nálega norður-suður, er breiðast í miðju og mjókkar til beggja enda. Veggir gerðisins er gengnir í þúfur og mjög signir. Þeir eru víðast um og yfir 1 m á breidd. Hæð veggja utanmáls er 0,2-0,5 m. Innan gerðisins er lyngmói en þó er valllendisgróður í suðurenda þess þar sem það verður ógreinilegt. Það verður einnig ógreinilegt norðaustast þar sem veggur þess sést ekki á 7 m löngum kafla. Þýft er innan gerðis, einkum í norðurhluta þess þar sem er nokkurt stórþýfi. Í suðurhlutanum er minna um þýfi, þar er nokkuð hart undir fót og virðist ekki langt niður á möl. Í miðju gerðinu er lyngi vaxin þúst 035_2 sem er ílöng og snýr NNA-SSV. Þústin er 9x3,5 m að stærð og 0,4-0,5 m á hæð. Tvær óreglulegar dokkir eru ofan í hana. Báðar eru þær ílangar og hafa sömu stefnu og þústin sjálf. Nyrðri dokkin er sýnu lengri, 2,5x1,5 m að innanmáli, og syðri dokkin er 1,7x1,4 m að innanmáli. Dokkirnar kunna að hafa myndast við rof. Fast norðan við þúst 035_2 er afgerandi stórþýfi. Þar kann að vera önnur þúst en hún er heldur ólögulegri. Er 7x3 m að stærð, snýr NNA-SSV og er litlu lægri en þúst 035_2. Að lokum er óljós, grasi gróin þúst 035_3 fast norðan við gerðið. Hún er 8,5x5 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er nokkuð skýrt afmörkuð að vestanverðu en mörk hennar eru síður skýr á öðrum hliðum. Hún er 0,3-0,5 m á hæð. Ekki er útilokað að þessar minjar séu einfaldlega náttúrumyndun, að það hafi myndast þúfnakragi á mörkum valllendis og lyngmóa þar sem jarðvegur er rýr. Afgerandi bátslagið á gerðinu/þúfnakraganum bendir hins vegar sterklega til þess að þarna séu mannaverk og helst kemur til greina að um fornt kuml sé að ræða. Gerðið afmarkar kumlið/kumlin og innan þess virðist a.m.k. eitt tvöfalt kuml í þústinni í miðju gerðinu. Útlit hennar bendir til þess að kumlið hafi verið rofið og að bein og gripir hafi verið fjarlægðir úr því. Ekki er

ljóst hvaða hlutverki þústin norðan við gerðið hefur gegnt eða hvað kann að leynast í henni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2003, 75

EY-179:036 tóft heytóft 521849 605550
Allgreinileg og grasi gróin tóft er út við merkin á milli Hamars og Skáldalækjar, suðaustan í hólrana sem er suðaustan við mógrafir 038. Tóftin er um 560 m norðvestan við bæ 001 og 40 m suðaustan við mógrafir 038. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en byggt á staðsetningu og útliti hennar kemur sterklega til greina að um heytóft eða mótóft sé að ræða. Hólraninn sem tóftin er á er lyngi vaxinn að mestu. Þurrt sund er meðfram hólnum að austan og sunnan og er það grasi gróið. Einnig er mikill grasvöxtur í deiglendu sundi norðvestan við hólinn þar sem mógrafir 038 eru.

Tóftin er tvískipt og virðist að mestu torfhlaðin. Hún er 8x5 m að stærð og snýr norður-



Tóft EY-179:036 uppmæld til vinstri en á ljósmynd til hægri er horft til ASA

suður. Ekki eru skýr op inn í hana og ekki er heldur op á milli hólfa. Nyrðra hólfið er 2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Innri brún veggja í því er orðin illgreinanleg. Syðra hólfið er 2,2x2,2 m að innanmáli en þó er það litlu breiðara allra nyrst þar sem það er tæpir 3 m á breidd. Mögulega hefur verið op þar í norðausturhorni. Veggir tóftarinnar eru signir og gengnir í þúfur en tóftin virðist ekki mjög forn. Mikið af elftingu vex á tóftinni. Hæð veggja utanmáls er víðast 0,5 m en veggur sem skiptir tóft í tvö hólf stendur hæst og er 0,9 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:037 garðlag hlutverk óþekkt 522115 605432
Stutt og fremur ósannfærandi garðlag liggur til VNV af garði 180:005 og endar nærri stórri rotþró eða brunni litlu austan við lóð Hitaveitu Dalvíkur. Nokkurt jarðrask hefur orðið ofan/sunnan við garðinn í tengslum við vegagerð. Garðlagið er í þýfðum lyngmóa með nokkrum grasgróðri.



Garðlag EY-179:037. Á ljósmynd til vinstri er horft til VNV en til SA

Garðurinn er 24 m langur og liggur VNV-ASA. Nærri VNV-enda beygir hann lítillega til norðvesturs. Garðurinn er nánast útflattur næst garði 180:005 en hækkar til VNV, lækkar aftur og hverfur í norðvesturenda, nærri brunni. Garðurinn er 1,5 m á breidd þar sem hann er breiðastur og 0,5-0,6 m á hæð þar sem hann er hæstur. Við suðausturenda garðsins er rof í garði 180:005 og bendir það til þess að einhvers konar lögn liggi í gegnum hann og að brunni/rotþró. Þá er meint garðlag sem hér er skráð mögulega aðeins jarðvegshryggur sem hylur lögnina.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:038 náma mógrafir 521816 605593
Miklar og allgreinilegar mógrafir eru í lægð á milli tveggja hóla en á þeim eru tóftir 036 og 040. Minjarnar eru út við merki á móti Skáldastöðum, 600 m norðvestan við bæ 001 og 14 m SSV við tóft 040. Mógrafirnar eru í deiglendu sundi á milli þýfðra hóla. Mikill grasvöxtur er á mógrafasvæðinu og kjarrgróður er hér í kring.



Svarðararafir EY-179:038. Á liósmvnd til vinstri horft til suðurs en til NNA á mvnd til hœari

Svæðið sem mógrafir eru greinilegar á er 80x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það skiptist upp í tvö nokkuð vel afmörkuð svæði og eru grafirnar í norðausturenda mun dýpri og skýrari, virðast þær hafa verið lengur í notkun. Þar eru grafirnar nokkuð samfelldar og dýpt þeirra jöfn ef frá eru skildar nokkrar dýpri stokkagrafir út við jaðrana. Vatn stendur í sumum þeirra. Dýpstu grafirnar eru allt að 1,5 m djúpar. Í suðvesturhlutanum eru grafirnar talsvert grynnri en eru

allt að 1 m á dýpt. Nokkurt vatn stendur í þeim en allt mógrafasvæðið er vel gróið. Norðvestan við norðaustari grafirnar eru óljós ummerki um efnistöku í grösugum og þýfðum móa. Þar hefur mór líklega einnig verið stunginn upp. Eru þessu ummerki greinanaleg á svæði sem er 20x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:039 gerði hlutverk óþekkt 522136 605308
Óljóst gerði virðist vera þar sem garðlag 180:005 liggur til norður frá garðlagi 180:006. Þar í kverkinni, austan garðmótanna virðist hugsanlegt að hafi verið gerði eða L-laga garður byggður upp við garðlögin tvö. Gerðið hefur verið um 60 m suðvestan við Grjótgarð 180:002 en 200 m austan við Hamarsbæ 001. Mögulegt er að meint garðlag tengist garði 041 eða 020 sem bæði eru vestan við þvergarð 180:005 en hafa svipaða stefnu. Þýfður lyngmói í aflíðandi halla til norðurs.

Gerðið er 27 x 11 m stórt ef aðeins er mælt að forngörðunum en 30.5 x 16.5 m ef þeir eru mældir með. Gerðið snýr austur-vestur. Op hefur líklega verið syðst á austurhlið. Veggir eru



EY-179:039 gerði. Mynd til vinstri er tekin með dróna og er horft til vesturs. Á mynd til hægri er horft til austurs

lyngivaxnir og 2-3 m á breidd. Það er á mörkum þess að vera greinilegt og í raun ekki hægt að staðhæfa með fullri vissu að þarna séu mannvistarleifar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:040 tóft beitarhús 521826 605640
Stór, fornleg tóft er á nokkuð háum hól norðvestan við mógrafir 038. Í suðvesturenda hennar er yngri tóft, líklega móstæði. Minjarnar eru út við merki á móti Skáldalæk, um 630 m norðvestan við bæ 001 og 150 m suðvestan við tóft 033. Hlutverk eldri tóftarinnar er ekki þekkt en staðsetning hennar og gerð gefur til kynna að um beitarhúsatóft sé að ræða. Ekki er þó hægt að útiloka að tóftin



Beitarhúsatóft EY-179:040 uppmæld til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til norðurs

sé fornt heystæði, sambærilegt við heystæði 030.

Hóllinn sem tóftin er á er stórþýfður og lyngi vaxinn. Grasi vaxið mýrlendi er í kringum hann. Stærri og eldri tóft 040_1 er 18,5x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin virðist tvískipt og er lítið hólf í norðausturenda hennar sem er 3,5x3 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftar. Op er úr því í vesturhorni inn í stærra hólf sem er 7x4 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Þetta hólf hefur líklega verið lengra til suðvesturs en í þeim enda tóftarinnar er yngri torfhlaðin tóft sem virðist vera mótóft. Ekki sést skýrt op á eldri tóftinni. Hún virðist torfhlaðin og eru veggir 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Norðvesturveggur er siginn og ógreinilegur. Öll tóftin er gengin í þúfur og þýft er innan hennar. Mótóft 040_2 sem er í suðvesturenda eldri tóftar er einföld, 4,5x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er op á henni en greinilegt rof er í austurhorni. Veggir tóftarinnar eru óverulegir, 0,6 m á breidd og 0,3 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:041 garðlag vörslugarður 522060 605349
Ógreinilegt garðlag liggur frá austurenda forngarðs 020_1 til norðvesturs að garði 022 í lyngmóa sunnan og ofan við lóð Hitaveitu Dalvíkur og um 250 m VNV við bæ 001. Tóft 028 er 5 m suðvestan við garðinn. Garðurinn liggur um stórþýfðan lyngmóa sem er aflíðandi halla til NNA.

Garðurinn sést á um 95 m löngum kafla en hann er mjög genginn í þúfur og siginn. Rof er einnig komið í hann á stöku stað. Garðurinn er 2-3 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hann er greinilegastur í suðausturenda en verður ógreinilegri eftir því sem lengra dregur til norðvesturs. Á þessu svæði er talsvert af fornlegum garðlögum og ekki augljóst hvernig þeir tengjast innbyrðis eða hvert hlutverk þeirra hefur verið. Helst kemur til greina að þessi garður hafi gegnt hlutverki vörslugarðs. Ekki er útilokað að meintur garður sé í raun hryggur sem hefur myndast við umferð manna og dýra um þýfðan móa.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Garðlag EY-179:041, horft til VNV

EY-179:042 náma mógrafir 521969 605638
Ummerki um móskurð eru neðarlega í mýri sem er í halla til norðausturs, norðvestan við hitaveitulögn. Minjarnar eru 100 m ANA við mógrafir 038 og 540 m norðvestan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í grösugu mýrlendi. Á vestanverðu svæðinu vex talsvert af víði og öðrum sjálfsáðum trjám. Syðri mörk mógrafasvæðisins eru greinanleg þar sem grafið hefur verið inn í aflíðandi halla. Þau sjást á svæði sem er 50x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Ætla má að mógrafasvæðið hafi verið breiðara og náð lengra til norðurs. Svæðið er þurrt og gróið en innan þess er meira um engjagróður og minna um gras en utan þess. Suðurbrún grafanna er fremur lág og ekki mjög afgerandi. Hún er víðast innan við 1 m á hæð en hæst er hún 1,3 m.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mógrafir EY-179:042 horft til SA

EY-179:043 þúst hlutverk óþekkt 522568 605272
Lítið mannvirki er byggt upp við garðlag 180:005, í kverk á milli garðlags og tveggja vegaslóða að sumarbústaðalandi sem eru fast sunnan og fast austan mannvirkisins. Það er um 220 m ANA við Hamarsbæ 001. Grasi gróin slétta eða flati milli vegaslóða.



Þúst EY-179:043 uppmæld til vinstri en á ljósmynd til hægri er horft til SSV

Lítil gerði er byggt austan í 180:005_08. Það er 5 x 6 m að stærð, ferhyrnt og einfalt. Þústin er 0,2 m á hæð. Að sumu leyti sést innri brún tóftar illa nema í suðurvegg. Hún alveg grasi gróin og alveg ferhyrnd. Þétt lerki er inni í tóftinn. Hugsanlegt er að aðeins hafi verið rutt upp í tóftina þegar skógrækt hófst á svæðinu. Hinn möguleikinn er að þarna hafi verið einhvers konar tóft sem mögulega hefur þá verið færð úr lagi þegar skógræktin byrjaði. Um þetta leikur vafi en tóftin er í það minnsta látin njóta vafans og tekin á fornleifaskrá.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:044 tóftir heystæði 521832 605785
Tvær allstórar tóftir eru á flatlendi norðarlega á jörðinni, 10 m suðaustan við mógrafasvæði 047 og 750 m norðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru á mörkum mólendis og deiglendis en grösug mýri er suðvestan við þær. Minjarnar eru innan beitarhólfs fyrir hross og er það vel beitt. Þær eru á smáþýfðu mólendi með víðirunnum, norðaustar verður móinn stórþýfðari. Grasgróður vex á tóftunum og í kringum þær en í syðri tóftinni vex einnig víðir og fjalldrapi.





Minjar EY-179:044 uppmældar til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til NA



Minjar EY-179:044 úr lofti, horft niður

Minjarnar eru á svæði sem er 28x10 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Lýsingin hefst á tóft 044_1 sem er syðst á svæðinu. Tóftin er einföld og virðist torfhlaðin. Hún er 10x6,5 m að stræð og snýr NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru fremur illa farnir af rofi en tóftin heldur þó lagi sínu. Ekki er að sjá hvar op hefur verið á henni og óvíst að það hafi verið. Veggir í tóftinni eru 0,3-0,5 m á hæð og innan við 1 m á breidd en hafa verið breiðari áður en rof komst í þá. Grjót sést í botni tóftar, líklega vegna jarðvegsrofs sem hefur gróið aftur frekar en að það sé úr innréttingum eða milliveggjum. Tóft 044_2 er 12 m NNA við tóft 044_1. Hún er líka torfhlaðin og einföld, nokkuð hringlaga en illa farin af rofi og ekki sjást skýrar veggjahleðslur á norðvesturhlið. Tóftin er 7,5x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð og rúmlega 1 m á breidd. Kjarrgróður vex inni í tóftinni en hún er grasi gróin að öðru leyti.Ekki er vitað hvaða hlutverki minjarnar gegndu en helst kemur til greina að í þeim hafi verið geymt hey og/eða mór.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:045 þúst hlutverk óþekkt 522446 605384
Óljós ummerki sem gætu verið leifar um mannvist, eru rúmum 150 m suðaustan við Hamarsbæ 001 og hefur verið fast utan við túngarðinn 016 sem er þó horfinn á þessum slóðum. Þústin er innan lóðamarka sumarbústaðarins Hamarskots 2, fast norðan við vegarslóða sem liggur að þeim bústað og fleirum. Þar sem afleggjari að bústaðnum greinist frá veginum um hverfið er lítið plan og þústin er við það. Í aflíðandi halla til norðurs, svæðið er á kafi í grasi. Fast austan við er belti af víðirunnum og öspum.



Minjar EY-179:045. Til vinstri er uppmæling af minjunum en til hægri er ljósmynd af sama svæði, horft til norðurs

Svæðið er mjög ólögulegt og mögulegt er að þar hafi einungis verið ýtt upp hrófluðum jarðvegi eða að þar hafi verið ýtt út túngarði 016 sem er hverfur á þessum slóðum. Um þetta verður ekki fullyrt og fær staðurinn að njóta vafans. Svæðið er 8 x 9 m stórt en óljósari ummerki ganga til vesturs frá því í um 10 m til viðbótar. Svæðið er stórþýft og grænt og er 0,6-0,7 m hærra en umhverfið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:046 tóft heystæði 521897 605762
Torfhlaðin tóft er fast NNV við skurð á flatlendi 40 m norðvestan við tóft 033, 65 m ASA við heystæði 044_2 og 660 m norðvestan við bæ 001. Uppmokstur úr skurðinum hylur hluta af tóftinni og mögulega hefur skurðurinn skorið af suðausturhluta hennar. Tóftin er í mólendi á mörkum lyngmóa til austurs og deiglendis til vesturs. Í kringum tóftina vex gras en einnig er nokkuð um kjarrgróður á svæðinu.

Sá hluti tóftarinnar sem enn sést er 7x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin var lengri til suðausturs og hefur snúið norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar virðast torfhlaðnir og er ytri brún þeirra er skýr, 0,4 m á hæð, en innri brún ógreinileg, einkum norðvestast. Tóftin er



Heystæði EY-179:046 uppmælt til vinstri. Á ljósmynd til hægri er horft til suðausturs

grasi vaxin en innan hennar er fjalldrapi og víðir farinn að vaxa í bland við gras. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt. Helst kemur til greina að hér sé um heystæði að ræða sé litið til staðsetningar og útlits tóftar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:047 náma mógrafir 521809 605829
Ógreinileg ummerki um móskurð eru norðarlega á jörðinni, um 10 m norðvestan við tóftir 044 og 750 m norðvestan við bæ 001. Meintar mógrafir eru á deiglendu svæði á mörkum stórþýfðs lyngmóa og flatlendrar og grösugrar mýrar. Mikill grasgróður og víðirunnar eru á svæðinu.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 35x20 m að stærð og snýr norður-suður. Greina má lágar brúnir á mörkum grafanna í suður- og vesturjaðri. Grafirnar eru þurrar og grónar og 0,3-0,6 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mógrafir EY-179:047, horft til NNV

EY-179:048 náma mógrafir 522514 605489
Út við norðausturmörk jarðarinnar, litlu norðvestan við fornbýli 100:010 í landi Hrísa, er mýrlendi sem hefur verið ræst fram með djúpum skurðum. Þar er grasgefið og talsverður trjágróður. Sunnarlega á þessu framræsta svæði eru mógrafir í beinu framhaldi af garðhluta 180:005_08 og 260 m norðaustan við bæ 001. Á mógrafasvæðinu er mikill grasgróður og stöku víðirunni. Austan við það er nokkuð þétt kjarr en grasmói vestan við það.
Vesturmörk mógrafanna eru enn greinanleg og við þau eru grafirnar 0,4-0,5 m djúpar. Ummerki um móskurð má greina á svæði sem er 60x10 m að stærð og snýr norður-suður. Skurðgröftur hefur raskað gröfunum í suðurenda og mögulega einnig í austurhluta en mörk mógrafanna til austurs sjást ekki. Sunnan við mitt mógrafasvæðið er mjög greinilegt jarðvegshaft sem skilið hefur verið eftir og jafnvel hlaðið upp að hluta. Þetta haft er 7,5 m langt og


Mógrafir EY-179:048, horft til SSA

tæplega 2 m breitt. Frá botni mógrafa eru 0,7-0,8 m upp á það. Mógrafirnar eru þurrar og smáþýfðar og innan þeirra er mikill grasvöxtur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-179:049 gata leið 522636 605311
Leið hefur legið frá þjóðleið 021 og til vesturs, að túninu á Hamri og svo aftur frá því vestan og líklega ofan forngarðs 180:006 og áfram til vesturs að Skáldalæk. Hugsanlegt er að tvær útgáfur af leiðinni hafi verið farnar. Annars vegar til suðurs með þjóðleið 021 en beygt til vesturs nálega þar sem malarslóði liggur í gegnum sumarbústaðahverfið í dag en hins vegar að leiðin hafi greinst frá þjóðleið nokkru norðar (sjá 02) og þá farið til norðurs fast vestan við hól 179:013 og þá skáhalt til norðvesturs yfir hagann, í gegnum garð 180:005 nærri sumarbústaðnum Hamarskot 2. Nokkrir götuslóðar sjást vestan við hólinn og í haganum í átt að áðurnefndum bústaði. Lítil ummerki sjást hins vegar um þann hluta sem greindist sunnar frá þjóðleiðinni enda er vegur á þeim slóðum notaður enn (01)Þessi hluti greindist frá vegi 021 innan lóðamarka sumarbústaðalóðar 4 og hefur svo legið í sveig til vesturs að heimatúni Hamars, Báðar útgáfur hafa líklega komið inn í



Vegur 179:049 er merktur inn á Íslandskort frá 1933 og hefur hér verið teiknuð rauð lína ofan í. Vegurinn lá að og frá heimatúninu í Hamri. Svo virðist sem til hafi verið tvær útgáfur af því hvar vegurinn greindist til vesturs og virðist sem önnur útgáfan af götunni hafi greinst strax við hólinn Beinir (sjá 02) en hin nokkru sunnar (sjá 01) þar sem nú er malarvegur. Líkklegt er að vegurinn hafi komið inn í túnið svolítið sunnar en ætla mætti af merkingunni á gamla Íslandskortinu. Vestan heimatúns virðist vegurinn hafa verið nálega þar sem forngarður 180:006 er (sjá 03), í jaðri úttektarsvæðis

Hamarstúnið neðan við útihús 004-005 en ofan við Skottið og líklega legið þar í gegnum túnið þótt ekki sé það sýnt á Íslandskortinu. Vestan við túnið hefur svo vegurinn (03) legið ofarlega, líklega ofan við forngarð 180:006 og því utan eða sunnan deiliskipulagsreits. Göturnar eru merktar inn á íslandskort frá 1933.

Leiðin liggur um lyngivaxna móa í aflíðandi halla til norðurs. Svæðið er nú talsvert umturnað, þar hafa verið byggðir sumarbústaðir, götur lagðar að þeim, bílaplön, pallar og smáhýsi risið í nágrenni þeirra auk þess sem talsverð skógrækt er innan svæðisins.

Ekki sjást mikil ummerki um leiðina. Nokkrir óljósir slóðar (02) sjást þó upp með hól 179:013 og til suðvesturs að garði 180:050. Óljós ummerki um götur (01) virðist einnig mega greina samsíða götum 021 en vestan við heimreið að bústað sem nefndur er Hamarskot, í móa milli þess sumarbústaðar og bústaðarlóðar nr. 4. Á 50 m kafla er næstum eins og þarna sé garðlag en ekki götur en víðast sjást aðeins óljósar reiðgötur á þessum kafla sem er um 100 m langur. Líklegt virðist að undir það síðasta hafi leiðin verið á sama stað og malarvegur af bústaðnum Hamarskoti liggur



Vegur EY-179:049. Á mynd til vinstri má sjá óljósa slóða (02) upp með hólnum Beinir (sjá rauða línu) en á mynd til hægri er horft yfir malarveg sem nú liggur á svipuðum slóðum og vegurinn gerði áður

nú og sést malarslóði á þessum slóðum á loftmynd frá 1970, löngu áður en bústaðabyggð hefst á þessum slóðum. Leiðin sveigði til vesturs, lá svipuðum slóðum og tengivegur að sumarbústaðasvæði liggur nú (03) og lá á sömu slóðum allt vestur að austurjaðri Hamarstúnanna. Ekki sáust greinileg merki um eldri götur á þessum kafla en þarna er talsverð skógækt og að auki talsverð vegagerð í tengslum við bústaði. Ekki sést heldur hvar leiðin hefur legið í gegnum túnið en líklega hefur það verið nokkuð bein leið heim að Hamarsbænum. Vestan bæjarins hefur leiðin legið upp úr túninu og var hún í jaðri eða alfarið utan deiliskipulagsreitsins þegar komið var vestur fyrir bæ og virðist þar á kafla hafa legið á sama svæði og forngarður 180:006.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Uppdráttur Íslands, kort 62, mælt 1931 útgefið 1933


EY-179:050 garðlag hlutverk óþekkt 522707 605253

Fornt garðlag liggur frá Sveitalangi 180:006 í um 400 m til norðausturs en beygir þá til norðurs og liggur í þá í 50 m til viðbótar til norðurs og endar við norðurhlið vallargarðs fornbýlis 100:010. Þjóðleið 179:021 liggur í gegnum garðlagið vestarlega. Mestur hluti þess er innan þess deiliskipulagsreits sem tekin var út á Hamarssvæðinu 2019 en norðausturhornið er þó utan þess og sömuleiðis óljós þúst sem þar virðist sambyggð garðlaginu. Garðurinn er ekki eins stæðilegur og garður 180:006 en líkist meira garði 180:005 sem liggur frá sama garði. Lyngi og skógivaxin aflíðandi hlíð til norðurs. Talsverð sumarbústaðabyggð og rask henni tengd er á þessum slóðum í dag.

Garðurinn liggur frá forngarði 180:006 austan við heimatún Hamars og til ANA. Vestasti hluti (garðlag 01) hans nær frá langgarði 180:006 og liggur í um 120 m til ANA en verður óljós um 10 m vestan við bílastæði við sumarbústað á lóð nr. 7 á Hamarssvæðinu en á loftmynd sem tekin var fyrir rask í kringum sumarbústaðinn má sjá að garðlagið hefur náð a.m.k. 20-30 m lengra til austurs en þá (um og upp úr 1970) virðist um 15 m eyða í það á loftmyndinni þar sem vegur 021 hefur legið í gegn. Í dag er eyðan hins vegar mun stærri eða um 45 m. Vestasti hluti garðlagsins

liggur um lyngivaxna hlíð sem hallar til norðurs eða NNA. Þar hefur á kafla verið gróðursett talsvert af trjágróðri og hefur það áhrif á sýnileika garðlagsins. Það er hins vegar almennt nokkuð stæðilegt um 3 m á breidd en 0,7 m á hæð. Aftur má greina garðinn skammt austan við áðurgreint bílastæði við sumarbústað. Þessi hluti, hér nefnt garðlag 02 liggur þar niður lyngivaxna hlíð sem nú er að færast á kaf í trjágróður og að sumarbústaði á lóð númer 6.

Garðurinn er 50-55 m langur en er á kafla illrekanlegur vegna trjágróðurs sem gróðursettur hefur verið allt í kring og jafnvel í garðinn. Garðurinn hefur svo aftur verið skemmdur við byggingu sumarbústaðarins sem settur hefur verið beint ofan á garðinn. Þar er því 20 m langt rof í garðinn. Garðurinn hverfur fyrst þar sem stígur hefur verið lagður vestan við bústað á um 1,5 m kafla en sést aftur austan hans á 2-3 kafla, milli stígs og palls við sumarbústað. Hann hverfur svo undir pall og bústað og þar er sem fyrr segir um 20 m eyða í hann. Þessi hluti (garðlag 02) er mjög illa farinn vegna skógræktar og framkvæmda við bústað. Hann er víða 1,5-2 m á breidd en nær allta að 3-4 m breidd þar sem mest er. Garðurinn er 0,6-0.8 m á hæð. Næst sumarbústað er hann grasi gróinn en annars lyngivaxinn. Austan við bústað sést garðurinn strax aftur (garðbútur 03) og liggur hann nálega beint til austurs í um 100 m áður en stutt eyða er í hann og er þá komið út fyrir það svæði sem var til úttektar vegna deiliskipulags haustið 2019. Þessi hluti er lyngivaxinn, nokkuð afgerandi næst bústað en verður signari og breiðari eftir því sem austar dregur. Einhver skógrækt er á þessum slóðum en ekki virðist plantað ofan í garðinn. Þar sem garðurinn liggur ofan í grasi gróið lækargil er hann að talverðu leyti grasi vaxinn en annars lyngi. Hann er mest um 0,8 m hár en 3-4 m á breidd. Austan við garð 03 er um 5 m eyða í garðinn en austan hennar tekur við um 75 m langur garður til austurs sem beygir svo og liggur 30-40 m til norðurs, langleiðina að garðlagi sem er umhverfis meint fornbýli 100:010. Þessi hluti (hér nefndur 04) er allur utan deiliskipulagsreits en verður engu að



Garðlag EY-179:050 liggur skáhallt yfir myndina. Þeir bútar sem eru sýndir ljósgrænni eru horfnir en hægt var að rekja þá af gömlum loftmyndum. Á innfeldri mynd má sjá stækkaða mynd af þúst sem virðist byggð við garðinn norðanverðan (sjá 04)

síður lýst lauslega til að heildarmynd fáist af garðinum. Á þessum hluta liggur garðlagið yfir aflíðandi, lyngivaxinn móa. Garðlagið er víðast um 3 m á breidd en 0,8 á hæð. Á einum stað er líkt og þúst sé byggð upp við það að norðanverðu. Þústin er 12 x 7 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Hún virðist hugsanlega hafa skipst í 2-3 hólf en á kafi í þýfi og mjög óljós. Líkt og garðurinn er þústin utan úttektarsvæðis og því ekki í stórhættu af þeim sökum (er um 15 m frá). Austasti hluti



Syðsti hluti garðlags EY-179:050 (partur 01) horft til austurs. Á drónamyndinni má sjá hvar eyða er í garðinn þar sem vegur hefur verið lagur af sumarbústað en framhald hans er vestan við umræddan veg.



Garðlag EY-179:050. Á mynd til vinstri er horft yfir þann part garðlagsins sem hér er nefndur 03 og til austurs en á mynd til hægri sést lítill bútur af garðlagi 02 sem hefur verið fjarlægður vegna sumarbústaðar öðrum meginn og vegna gögnustígs hinum meginn, horft til austurs.

garðlagsins 05 beygir sem fyrr segir til norðurs en er nokkuð brotakendur á þeim slóðum enda eru þar girðing, skurður og lækur. Þrátt fyrir það að hann sé fremur óljóst virðist hann greinilega liggja í 30-40 m til norðurs og hefur þá líklega endað við suðurhlið vallargarðs 100:010. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt en garðkerfið í mynni Svarfaðardals er mjög margslungið og virðist bera vott um landnýtingu eða -skiptingu sem er nokkuð flóknari en hún var á síðari öldum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


EY-179:051 heimild geitakofi
„Utan og neðan við túnið kallast Klofar. Vestan við þá er Góðaholt, en austur af þeim er Beinhóll og suður af honum Kofamelur. Hafði þar áður staðið geitakofi. Hér má telja að úthagi byrji,…“ segir í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar. Ekki er ljóst hvar geitikofinn hefur staðið, nema að hann var sunnan við Beinir 013 samkvæmt lýsingunni og því líklega innan marka deiliskipulags. Ekki


fundust heimildamenn sem könnuðust við örnefnið eða kofa á þessum slóðum og ekki óyggjandi ummerki um kofann. Þó má nefna að vel er hugsanlegt að óljós þúst, sem líklegast var lítill kofi af einhverri tegund var skráður undir númerinu 019 og má vel vera að þar sé fundin ummerki um geitakofann á Kofamel. Ekki er hins vegar hægt að fullyrða um það að svo stöddu og því fær þessi staður sérstakt númer í skránni.

Heimild: Örnefnaskrá MJ

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-180 Hamarskot





Túnakort af Hamarskoti frá 1917. Á efri myndinni er sjálft túnakortið en á þeirri neðri hefur það verið upprétt og er sýnt ofan á loftmynd og uppmældum minjum á svæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hjáleiga frá Hamri. Byggðist fyrst á fyrri hluta 19. aldar og taldist þriðjungur jarðarinnar. Tvíbýli og hét annað Grjótgarður og/eða Steinholt. BE 1990, 257-258.
1917: 1.9 ha. 1 slétt. Garðar 200 m2.
1918: Þegar fasteignamat er gert fyrir Hamarskot 1918 er eigandi helmings jarðarinnar Þorsteinn og Árni Antonssynir eigendur Hamars og eigandi hins hlutans Svarfaðardalshreppur og Þorsteinn sagður ábúandi á 1/2 en Gunnlaugur Daníelsson á helming. Jörðin var þá metin á 5,8 hdr og var með 1/2 kúgildi. Samkvæmt fasteignamati 1918 voru tún þá þýft og ekki í góðri rækt en talin 1,9 ha að stærð. Matjurtagarðar gáfu um 100 kg. Sumarland er sagt lítið fyrir gripi en sauðfjárbeit allgóð. Mótak var þar til heimilisnota en torfrista og byggingarefni slæm. Jörðin er sögð liggja ágætlega við samgöngum en veglaust sé heim að bænum. Fasteignamat 1918, Undirmat Eyjafjarðarsýslu, nr. 314.
1921: Fór í eyði 1921 og sameinað Hamri. BE 1990, 257.

EY-180:001 *Hamarskot* bæjarstæði bústaður 522112 605301
"Utan við gamla Hamars-túnið voru fyrrum tvö býli, Hamarskot og Grjótgarður. Lægð í framhaldi af Grófinni er á milli heimatúnsins og Hamarskotstún, en búið er nú fyrir löngu að rækta þetta saman. Á Grjótgarði var búið fram undir 1930 og jafnan kallað í Hamarskoti, eftir að hitt býlið lagðist í eyði," segir í örnefnaskrá. Hamarskot var um 150 m vestan við Hamar 179:001, um 90 m ofan við akveg að Hitaveitu Dalvíkur. Bærinn var 20 m ofan við Grjótgarð 002 og eilítið austar en fast vestan við hann var kálgarður samkvæmt túnakortinu. Samkvæmt því var bærinn nálega fast austan við þar sem hjólhýsi með palli stóð um 2000 en það hefur nú verið fjarlægt þó ýmis ummerki séu eftir.

Samkvæmt túnakorti og upplýsingum frá Pálrúnu Antonsdóttur sem rætt var við vegna skráningar 2002 var Hamarskot vestan í náttúrulegum hól þar sem hjólhýsi með palli stóð um skeið. Nokkuð hefur verið gróðursett af tráplöntum á þessu svæði en þarna var fyrir lyngivaxinn mói í aflíðandi halla til norðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 mætti ætla að bærinn hefði verið um 11 x 11 m stór en vestan hans var kálgarður um 5 x 11 m að stærð. Samkvæmt fasteignamati voru eftirfarandi hús á jörðinni 1918: Íbúðarhús úr torfi 7 x 5 3/4 ál, bæjardyr 3 x 4 ál, skáli 7 x 3 ál, kofi 4 x 3 ál. Að auki var þar sagt fjárhús fyrir 25 kindur en öll húsin eru úr torfi og grjóti og sögð léleg. Auk þessara húsa er sagt hesthúskofi á jörðinni, eldiviðarhús og tvö fjárhús sem aðrir eiga. Engin ummerki sjást um síðasta bæinn á þessum slóðum eða kálgarðinn. Staðsetningin virðist einkennileg fyrir bæjarstæði en ekki fer á mili mála að þarna hefur bærinn staðið þegar túnakortið var gert. Ekki er ljóst hvenær minjarnar hafa vikið. Benda má á að ræktarleg þúst 007 er skammt austan við og þar verður að teljast líklegt að minjar leynist undir sverði. Engin heimild er hins vegar um að bærinn í Hamarskoti hafi staðið annars staðar en á þeim stað sem skráður er undir þessu númeri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Svarf, 25, Fasteignamat 1918, undirmat Eyjafarðarsýsla, nr. 314.

EY-180:002 *Grjótgarður* bæjarhóll bústaður 522193 605355
"Utan við gamla Hamars-túnið voru fyrrum tvö býli, Hamarskot og Grjótgarður. Lægð í framhaldi af Grófinni er á milli heimatúnsins og Hamarskotstúns, en búið er nú fyrir löngu að rækta þetta saman. Á Grjótgarði var búið fram undir 1930 og jafnan kallað í Hamarskoti, eftir að hitt býlið lagðist í eyði," segir í örnefnaskrá. "Síðustu árin voru kotin raunar tvö og hét hitt Steinholt," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Leifar Grjótgarðs/Steinholts sjást enn 166 m vestan við Hamarbæ 179:001 en um 50 m sunnan við veg að Hitaveitu Dalvíkur. Bærinn er sýndur 20 m neðan (norðan) við Hamarskot 001 á túnakorti frá 1917.



Bæjartóft EY-180:002 uppmæld til vinstri en á ljósmynd til hægri er horft til vesturs.



Bæjartóft EY-180:002 séð úr lofti. Á mynd til vinstri er horft til ASA en nálega beint niður á mynd til hægri.

Tóftin er ofarlega í túni sem nú er komið í órækt. Sjálfur rústahóllinn er algróinn elftingu. Greinilegt er að túnið hefur verið mjög lítið á þessum stað.

Á þessum stað er lítill rústahóll um 20 m í þvermál. Tóftin er á hólnum vestarlega en fram af henni er svolítill stallur að austan áður en það hallar niður af hólnum. Sjálf tóftin er um 15,5 X 13 m á stærð og snýr NNA-SSV. Hún skiptist upp í sex hólf og fær hvert þeirra bókstaf í lýsingunni og hefst hún nyrst. Þar er lítið hólf A, inngangur er á það á miðjum austurvegg en hólfið er um 2,2 x 1,6 m og snýr norður-suður. Vegghæð er 0,4 m og á einstaka stað sést í grjóthleðslur. Ekki er óhugsandi að op hafi verið úr suðvesturhorni en það er of óljóst til að hægt sé að fullyrða um það. Vestan við hólf A er óljóst mannvirki eða hólf B. Það er mun lægra en tóftin sjálf og samanstendur af L-laga hleðslu upp við tóftina. Hleðslan er 0,1-0,3 m há. Mögulegt er að þarna hafi verið heytóft. Miðjuhólfið í austanverðri tóftinni, C, er 4 x 2.5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á austurvegg þess norðarlega og líklega annað nyrst á vesturvegg, yfir í hólf að baka til D. Suðurveggur hólfsins hefur að mestu hrunið inn í það. Hólf D er dýpra en önnur hólf tóftarinnar eða allt að 1 m á dypt, og er grafið inn í brekkuna. Það er 3 x 1.9 m að innanmáli og úr því er gangur til suðurs allra austasta og yfir í hólf E. Hólf E er 0,3 m á dýpt og ekki er greinilegt annað op á það en það sem liggur yfir í hólf D. Það er lægra en sum hinna hólfanna og algróið. Hólf F er allra suðaustast í tóftinni. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er rétt austan við miðjan austurvegg. Eftir því miðju virðist vera garði og það hefur því verið fjárhús. Þrjú hólfanna eru hlið við hlið austantil í tóftinni. Op er á austurvegg þeirra allra. Tvö hólf eru að baki (vestanmegin) í tóftinni og er greinilegt op frá miðjuhólfinu í austri yfir í annað þeirra. Hugsanlegt er einnig að op hafi verið frá syðsta hólfinu en það er nú ógreinilegt. Op er á milli bakhólfanna tveggja. Hæð tóftarinnar er mest 0,8 m, hún er gróin og engar grjóthleðslur sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Svarf, 251, BE 1990, 257

EY-180:003 heimild um útihús 522174 605379
Útihús frá Hamarskoti stóð samkvæmt túnakorti frá 1917 um 20 m norðvestan við Grjótgarð 002 og rúmum 30 m ofan (sunnan) við veg að hitaveitumannvirkjum Dalvíkurbyggðar. Engin ummerki hússins sjást en á þessum stað eru nú sléttuð tún í órækt. Smáþýft tún á kafi í grasi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-180:004 heimild um útihús 522187 605446
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús áður rúmum 120 m neðan við útihús 003 og 30 m neðan við vegarslóða að Hitaveitu Dalvíkur. Á þessum stað er nú sumarbústaður (Hamar lóð B6) og virðist hann vera á sama stað og útihúsið stóð áður. Þegar svæðið var fyrst skráð 2002 var ekki búið að byggja bústaðinn og segir í lýsingu á staðsetningu frá 2002: "Engin ummerki hússins sjást en á þessum stað eru nú sléttuð tún í órækt. Þar sem útihúsið hefur staðið er þó tún grænna en annars staðar." Ekki er ljóst hvort minjar hafa komið í ljós þegar bústaðurinn var byggður en ekki var fornleifaeftirlit með framkvæmdinni svo vitað sé.



Útihús 180:004 stóð áður á þeim slóðum sem sumarbústaður á lóð B6 reis nýlega. Á yfirlitsmynd til vinstri má sjá bústaðinn og nánasta umhverfi (horft til ANA) en á mynd til hægri af bústaðnum er horft til NNV

Þar sem húsið stóð áður er nú tveggja bursta sumarbústaður og lítið hús þar austan við. Talsverð grænka er suður af húsunum. Engin merki sjást um útihús á þessum slóðum. Svæðið hefur verið sléttað og gróðursett innan þess, róluvöllur settur upp og fleira.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1917


EY-180:005 garðlag túngarður 522369 605542
Mikill og forn garður hefur afmarkað heimatún og engjar Hamars og liggur hann frá forngarði 006 að vestan og afmarkar svæði til austurs, norðurs og vesturs sem samtals er 480 x 320 m stórt og snýr h.u.b. austurs-vestur. Til austurs endar garðurinn við annan þvergarð 179:050 sem liggur skáhallt á milli forngarðs 006 og vallargarðs um býli 101:010.

Innan garðsins eru heimatún Hamars og Hamarskots/Grjótgarðs en einnig hagar og engjar. Utan garðs er víðast þýfðir og lyngvaxnir móar.

Sem áður segir markar forngarður 006 stærstan hluta suðurhliðar þess svæðis sem vallargarður 005 markar annars en allra austast markar garðlag 179:050 svæðið til suðurs á kafla. Garðurinn er orðinn nokkuð brotakendur og er rofinn og skemmdur vegna framkvæmda við vegi, sumarbústaði, áveituskurði auk þess sem trjárækt hefur gengið nærri honum á kafla. Garðurinn markar af svæði sem er 480 x 330 m stórt en hér verður gerð lýsing til að lýsa þeim hlutum hans

sem fundust á vettvangi og hverjum hluta gefinn númer í lýsingunni til aðgreiningar.

Garðbútur 01 liggur frá þvergarði 006 og til norðurs og myndar því með honum



Garðlag EY-1:005. Rauðu númerin á myndinni eru þau hlutanúmer sem gefin voru hverjum garðlagsbút sbr. textalýsingu

suðvesturhorn þess svæðis sem garðurinn myndar. Garðbúturinn er um 65 m langur áður en greinileg eyða er í hann en samtals er öll vesturhliðin (sjá 01-03) um 160 m löng og liggur hún nálega til norðurs niður brekkuna. Greinilegt er að umfang garðlags 005 sem hér er skráður er mun minna en þvergarðs 006 en ekki er ljóst hvort það er vísbending um byggingatækni eða aldur. Garðlag 005_01 er mjög skýr og allt að 1,5 m hæð en 2-3 m á breidd. Garðurinn er lyngivaxinn en umhverfis er lyngivaxinn mói. Greinilegt op eða rof er á garðinn um miðbik brekkunnar og þar er greinilegt að eitthvers konar línulögn hefur verið lögð þvert yfir garðinn og hann þannig skemmdur. Á þessum stað er allt að 5 m skarð í hann en neðan við það heldur garðurinn áfram og verður þeim hluta hér gefið númerið 02.

Garðlag 02 er í beinu framhaldi af 01 norðan við rofið. Garðurinn 2-3 m á hæð og ríflega 1 m á hæð. Hann er um 40 m langur en endar þar sem vegur að Hitaveitusvæði Dalvíkinga hefur skemmt hann. Skammt þar sunnan við og um 15 m ofan (sunnan) við umræddan veg hefur lögn verið lögð í gegnum garðinn og skemmt hann nokkuð. Neðan við veginn að hitaveitu Dalvíkinga heldur garðlagið áfram en eyðan í garðlaginu sökum vegarins erer 8-9 m löng.

Garðurinn sem er neðan vegar fær hér númerið 03. Hann má rekja á u m 30 m löngum kafla til norðurs áður en hann hefur beygt til norðausturs. Þá verður hann hins vegar nokkuð óskýr (sjá 04). Á þessum kafla er garðurinn svipaður 01-02. Hann er þó víða um 0,8 m á hæð og 3 m á breidd. Þar sem hann verður óljós til norðurs er hann til móts við sumarbústað á lóð B6 sem er um 40 m austan hans. Nokkru ofar, eða um 20 m norðan við veginn að Hitaveitu Dalvíkur er greinilegt að lögn (vatnslögn?) hefur verið lögð þvert á garðinn en raskið er ekki eins mikið og lögnin sem fer í gegnum hann sunnan vegarins. Austan við garðinn, innan sumarbústaðalóðar er

talsverð trjárækt og 1-2 tré a.m.k. hafa verið gróðursett í garðinum.

Garðbútur 04 er í raun mjög óljós ummerki. Þegar staðið er á garðlaginu ofar í hlíðinni virðist svo sem garðlagið liggi í mjúka beygju til norðausturs á þessum slóðum en þegar gengið er eftir garðlaginu verður sú lína vart nema óljós brún í landinu og var hún teiknuð inn á loftmynd. Greinilegra framhald garðsins virðist hins vega mega greina í nokkuð skarpa beygju til austurs og svo áfram í talsvert einkennilega sveigju til norðausturs og svo norðurs. Þessi kafli er sá sem er í norðurjaðri sléttaðs svæði innan sumarbústaðalóðar B6 og er nokkuð óskýr af þeim völdum en samtals má segja að þessi hluti garðlagsins sé um 120 m langur og á köflum næstum alveg óskýr. Garðlagið verður aftur greinilegra um 100 m austan við þar sem garðlagi 03 sleppir. Sá garðbútur fær hér númerið 05.

Garðbútur 05 er mjög greinilegur og um 105 m langur. Hann snýr ANA-VSV og nær til austurs að lág eða lægð sem liggur norður-suður um móann. Greinilegt er að þar er gjarnan deiglent og ekki ólíklegt að lækjarsprænur hafi runnið um lágina á einhverjum tímapunkti. Á þessum sama stað hefur verið byggður sumarbústaður (lóð B4) ofan í lægðina en brunnur hefur verið gerður í láginni ofan við bústaðinn, væntanlega til að taka á móti því vatni sem stundum safnast á þessum stað. Á þessum slóðum liggur garðurinn yfir aflíðandi, lyngivaxinn móa. Garðurinn er grasi gróinn næst sumarbústaðnum en annars lyngivaxinn.

Handan við lágina sem 05 hverfur við heldur garðurinn svo áfram og er sá garðbútur hér nefndur 06. Garðbúturinn nær frá láginni og að malarvegi sem liggur upp að Hitaveitu Dalvíkur og er samtals um 45 m langur. Garðurinn er ágætlega stæðilegur en þó gróinn og flatur í toppinn. Hann er 0,4-0,6 m á hæð en alveg 3 m á breidd. Garðurinn liggur um lyngmóa í aflíðandi halla til norðurs, skógrækt er þar einhver en ekki alveg við garðinn. Þar sem vegurinn liggur upp hlíðina (en á þessum stað greinist vegurinn og liggur annar anginn að Hamri en hinn að Hitaveitu Dalvíkur) eru öll ummerki um garðinn horfinn en hann sést heldur ekki austan vegarins þar sem hann lá áður (sjá 07).

Eyða er í vallargarðinn austan við garðbút 06. Af loftmyndum sem voru teknar á svæðinu á 8. áratugnum má sjá að hann hefur verið horfinn á þeim tíma eða mjög ógreinilegur. Þó er rönd í túni sem mögulega gefur vísbendingu um lögun garðsins á þessum slóðum og af henni að dæma hefur hann legið nokkuð beint til austurs, austan við veginn að Hamri/Hitaveitu Dalvíkur í um 100 m en þá beygt til suðurs og legið í um 80 m þar til komið er að þeim stað þar sem aftur má greina ummerki um garðinn. Þessi hluti sem lítil sem engin yfirborðsummerki sjást eftir í dag fær hér númerið 07.

Garðbútur 08 er merkjanlegur í framhaldi af eyðunni sem er í garðinum í mýrlendinu. Hann sést fyrst í mýrlendi um 80 m neðan (norðan) við sumarbústað sem merktur er Hamarskot 2. Þar er nokkurt skóglendi og er garðurinn er illgreinanlegur allra nyrst en verður greinilegri til suðurs þegar komið er upp í brekkuna. Þar er hins vegar talsverð trjárækt í kringum sumarbústaðinn og á köflum er garðurinn að hverfa í hana. Hann má þó nokkuð samfellt rekja á 125 m kafla á þessum slóðum þar til komið er að rofi og er þar 15 m eyða í garðinn þar sem honum hefur verið rutt út. Á þessum „heillega“ kafla eru hins vegar á nokkrum stöðum möguleg rof í garðinn en öll eru þau smávægileg og óljós. Talsvert af grjóti hefur verið safnað saman í rofinu og er mögulegt að það hafi komið úr garðinum þegar hann var skemmdur. Ekki er ljóst hvers vegna garðurinn hefur verið rofinn á þessum stað en mögulegt er að einhvers konar línulögn liggi þarna í gegnum hann. Þessi garðhluti er 2-3 m á breidd og allt að 0,8-0,9 m á hæð. Garðurinn er lyngivaxinn. Ofan eða sunnan við rofið heldur garðinn áfram til suðurs og fær sá garðbútur númerið 09.



Garðlag EY-180:005 séð úr lofti. Á mynd til vinstri er horft yfir vestur og suðvesturhlið garðlagsins (búta 01-06) – horft til vesturs en á mynd til hægri er horft til SA yfir búta 07-09.



Garðlag EY-180:005. Á mynd til hægri er garðbútur 02 (horft til norðurs) en garðbútur 05 á mynd til hægri (horft til vesturs)




Garðlag EY-180:005. Á mynd til hægri er horft yfir garðbút 09 (til NNV) en yfir garðbút 10 til hægri (til NNA)

Garðlag 09 er 55 m langt og nær frá rofi og upp að malarvegi sem liggur um sumarhúsahverfið. Hann snýr NNV-SSA. Á þessum slóðum liggur garðurinn um talsverða skógrækt (víðir, birki, aspir, lerki o.fl.) en er þó vel greinilegur og allt að 1 m á hæð og 2-3 m á breidd. Eins og víðast er hann vaxinn lyngi og grasi. Eyða er í garðinn þar sem malarvegur liggur nú en frá honum greinast fjölmargar heimreiðar að sumarbústöðum en sjálfur stofnvegurinn virðist byggja á eldri þjóðvegi, sjá 179:049 a.m.k. er sýndur vegur frá þjóðleið 179:021 og heim að Hamri á svipuðum stað á Íslandskorti frá því um 1930. Autan við efsta hluta þessa garðbúts er lítil tóft eða gerði, greinilega miklu yngri en garðurinn (sjá 043).

Ofan (sunnan) stofnbrautar má aftur greina hluta af garðlaginu þar sem það liggur samsíða

heimreið að sumarbústað og upp að þvergarði 179:050. Þessi garðbútur, 10, er um 57 m langur og endar sem fyrr segir í þvergarði. Hann snýr nálega norður-suður. Garðlagið endar nálega þar sem vegurinn sem fast vestan við endar í malarplani við bústaðinn. Á þessum slóðum liggur garðurinn upp lyngivaxna brekku sem er óðum að fara á kaf í skógrækt. Svo virðist sem vegurinn vestan við hafi hugsanlega aðeins skafið af vesturbrún garðsins og virðist hún svolítið brött miðað við annars staðar. Garðurinn er um 2 m á breidd en allt að 1 m á hæð á þessum slóðum. Ekki sést hvar garðurinn hefur legið upp að þvergarði enda búið að skemma þvergarð 006 á þessum slóðum líka. Af eldri loftmyndum að dæma virðist hins vegar þjóðleið 179:021 hafa legið í gegnum þvergarði skammt austan við garðlag 005.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-180:006 *Sveitalangur* garðlag vörslugarður 522216 605280
Garður liggur ofarlega í landi Hamars sem túkla má sem framhald Sveitarlangs. Í landi Hamars sést hann allt frá merkjagarði við Skáldastaði og meðfram hlíðinni til austurs, austur fyrir forngarð 179:050 en verður óljós 20-30 m austan við það garðlag og er þá ógreinilegur á um 600 m kafla en hefur líklega legið til suðausturs að garðlagi sem þar má greina áfram í um 370 m að Hálsá. Ef garðurinn hefur legið alla leið á Hálsá hefur hann verið um 1.6 km langur í landi Hamars nú má tala um nokkuð samfelldan garð frá merkjum við Skáldastaði og í um 600 m til austurs og sá hluti nær allur innan marka þess deiliskipulags sem skráð var haustið 2019. Í Hamarslandi liggja nokkur garðlög frá þessum forngarði og ber fyrst að nefna merkjagarð 178:013 á merkjum við Skáldastaði. Um 200 m austar liggur garður 180:005 (sem er mikill hagagarður um heimatún Hamars) frá garðlaginu. Um 300 m austar og austan við túnið í Hamri hefur svo túngarður Hamars legið frá þvergarðinum en túngarðurinn er nú að mestu horfinn. Um 20-30 m austan við hann gengur svo enn annað garðlag frá þvergarðinum 179:050 og virðist það hafa legið frá honum og að býli 100:010. Af öllum þessum görðum er þvergarðurinn, sá sem hér er nefndur Sveitalangur þeirra



Garðlag EY-180:006. Rauðu merkinga samsvara númerum sem garðbútum voru gefin á vettvangi og vísað er í, í textalýsingu

stærstur og breiðastur. Sumarið 2010 var tekinn könnunarskurður í garðlagið en í sniði garðsins mátt sjá leifar 3 byggingarstiga og er elsti hluti garðsins að öllum líkindum frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld. Síðan virðist garðurinn hafa verið endurbættur (haldið við) a.m.k. tvisvar á næstu öldum, fram á 14.-15. öld.

Garðurinn liggur að mestu um lyngivaxna haga ofan við heimatún Hamars og Hamarskots.



Garðlag EY-180:006 séð úr lofti. Á mynd til vinstri er horft yfir vestur yfir garðbúta 02-04 og garðlag 050 en á mynd til vinstri er horft yfir garðbút 05 og til ASA



Garðlag EY-180:006. Á mynd til vinstri er horft yfir bút 01 til ASA en yfir bút 04 á mynd til hægri (einnig til vesturs)

Allra vestast í landi Hamars liggur þvergarðurinn (Sveitalangur) frá merkjagarði við Skáldalæk og í um 310 m til austurs nokkuð samfellt. Þessi garðbútur sem hér nefndur 01 til að greiningar. Á. Garðurinn er um 200 m langur frá merkjum og að þeim stað þar sem hagagarður 006 liggur frá honum vestan við Hamarskot. Hann er greinilegur í ríflega 100 m áfram til austurs, ofan við túnini í Hamarskoti en þar sem fer að halla niður að lækjargili sem er á milli Hamars og Hamarskots þá verður hann ógreinilegur og er helst eins og rutt hafi verið úr honum á þessum slóðum og er þar talsverð stór eyða í garðinn, eða um 50 m löng. Á þessum slóðum er garðurinn víða mjög breiður eða 4-5 m á breidd en 1 m á hæð og er nokkuð flatur að ofan. Hann er lyngivaxinn. Handan eða austan við lækjargilið, þar sem land tekur að hækka má aftur greina garðinn en á þessum kafla virðist hann hafa verið endurhlaðinn og nýttur sem túngarður Hamars. Þessi garðbútur er hér nefndur 02 og er hann um 60 m langur og snýr norðvestur-suðaustur. Til austurs endar hann þar sem heimreiðin frá Hamarsbænum hefur legið í gegn. Þessi hluti garðsins er vaxinn elftingu og er 1,5-2 m á breidd en ofar og nærri þeim stað sem heimreiðin liggur í gegn er hann grasivaxinn og allt að 1,5 m á hæð. Þarna er einnig hvönn á kafla og talsverð skógrækt og því er á kafla mjög erfitt að rekja garðinn. Austan við heimreið, þar sem er 4-5 m langt skarð í garðinn heldur hann áfram og virðist sá garðbútur (3) einnig vera endurbygging forngarðsins, sem túngarðs Hamars. Þessi kafli er um 40 m langur og snýr eins og 02 norðvestur-suðaustur. Upp við hann er byggður kálgarður 179:016 að sunnanverðu. Garðurinn er á mörkum túna Hamars og er um 36 m langur áður en eyða

er í hann. Garðurinn snýr norðvestur-suðaustur og hann er grasi gróinn. Garðurinn er 0,8-1 m á hæð en 1,5 m á breidd þar sem mest er. Hann er grasi gróinn. 3-4 eyða er í garðinn á þessum slóðum en framhald hans má greina þar austan við og kallast sá garðbútur 04. Garðlag 04 er mjög áþekkt 03 allra vestast og er þar líklega endurhlaðinn sem túngarður. Sá hluti hans er 0,8-1 m á hæð en 1,5-2 m á breidd og er hann það í allt að 50 m áður en hann verður breiðari og signari og hann liggur áfram í um 50 m til viðbótar til austurs áður en hann verður ógreinilegur. Um miðbik þessa garðlags, þar sem hann tekur breytingum hefur túngarður 015 áður beygt og legið niður brekkuna (til norðurs) en hann er nú horfinn á þessum slóðum, nokkru austar eða um 80 m frá vesturenda garðbúts 04 liggur annað garðlag, 179:050 frá honum og til norðaustrs. Garðlag 04 fjarar smá saman út í hlíðinni og verður illgreinanlegt og aðeins merkjanlegt eins og óljós hryggur í landinu áður en hannf fjarar út. Líklegast er hins vegar að það hafi legið áfram til austurs að garðlagi sem þar má greina við Hálsá þótt ekki verði um það fullyrt. Að lokum má nefna að framhald þessa garðs er einnig að finna vestan við þvergarð 180:005. Þessi bútur fær númerið 180:006_05. Hann liggur frá þvergarðinum og er mjög breiður og útflattur í toppinn. Garðinn má reikja vesturfyrir merki við Skáldalæk en þar var komið út fyrir deiliskipulagsmörk að vestan og því var hann ekki rakinn lengra til suðvesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2010

EY-180:007 þúst hlutverk óþekkt 522216 605321
Þúst er um 25 m austan við Grjótgarð 002 og um 20 m austan við áætlað bæjarstæði Hamarskots samkvæmt túnakorti frá 1917. Þústin er um 100 m VNV við bæjarhól Hamars og er lækjargil á milli. Þústin er í raun afar ógreinileg hæð en gróðurfar á henni sker sig rækilega frá umhverfinu enda er hún á kafi í elftingu. Staðsetningin er í raun eðlilegra bæjarstæði en sá staður sem þar sem Hamarskot stóð samkvæmt túnakorti frá 1917 en engar heimildir eru um að bærinn hafi verið fluttur og því ekkert vitað hvað kann að hafa staðið á þeim stað sem hér er skráður. Nokkuð hefur verið gróðursett af tráplöntum á þessu svæði en þarna var fyrir lyngivaxinn mói í aflíðandi halla til norðurs.



Þúst 180:007 úr lofti. Á drónamynd til vinstri er horft yfir bæði bæjarstæði 002 (til hægri) og þúst 007 til vinstri og má sjá hvar vegslóði liggur á milli (horft til vesturs). Á mynd til hægri er horft beint niður á þúst 007.



Þúst 180:007, horft til austurs

Þústin er 22 x 14 m stór og um 0,6 m hærri en umhverfið. Hún er vaxinn elftingu og því erfitt að greina ummerki á yfirborði en á tveimur stöðum eru dældir, 2-3 m í þvermál en ekki er hægt að tala um að tóftarlag sé á hæðinni. Hún virðist engu að síður þessleg að líklegt sé að þar leynist mannvistarlög undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
ÍSLANDS

5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Úttektarsvæði það sem deiliskráð var haustið 2019 var um 45 ha stórt og að stærstu leyti í landi Hamars/Hamarskots en náði að merkjum jarðanna Hrísa og Skáldalækjar. Auk bæjarstæðis Hamars (EY-179:001) voru þó nokkur býli innan svæðisins og ber fyrst að nefna Hamarskot (EY-180:001), nýbýli sem byggðist á þriðjungi þess landsvæðis sem upphaflega tilheyrði Hamri á fyrri hluta 19. aldar en fór í eyði 1921, Grjótgarður eða Steinholt (EY-180:002) sem líklega byggist öðru hvoru megin við aldamótin 1900 nærri Hamarskoti og var í byggð fram undir 1930 og Höllukot (EY-179:008) sem var neðst í túni Hamars um skeið en ekki er vitað hvenær það byggist fyrst eða fer í eyði (þótt líklega hafi hvort tveggja verið á 19. öld). Enn er þá ótaldar umfangsmiklar rústir í norðausturjaðri úttektarsvæðisins (og að hluta utan þess) en þar er líklegast að hafi staðið býli í fyrndinni og staðfesti könnunarskurður í eina tóftina að hún var í notkun á 10.-11. öld.[2] Samanlagt eru því þekkt fimm býli innan deiliskipulagsmarka sem verður að teljast mjög mikið á ekki stærra úttektarsvæði. Þegar bætt er við að þar eru vísbendingar um hugsanleg kuml á tveimur stöðum og þéttriðið net forngarða sem einnig hefur verið aldursgreint til 10.-11. aldar verður ljóst að svæðið er nokkuð sérstakt og hefur ríka sögu sem er sýnilegri en víða annars staðar. En hvað er vitað um sögu svæðisins?

Sú mynd sem fæst af sögu svæðisins með því að kanna fornar heimildir er ófullkomin.[3] Í Landnámabók er sagt frá Hámundi heljarskinni, tengdasyni Helga magra, sem bjó á Hámundarstöðum og Þorsteini svörfuði sem samkvæmt bókinni nam Svarfaðardal en þess er ekki getið hvar mörk þessara landnáma ættu að hafa verið. Eðlilegast væri þó að telja að þau hafi legið eftir Hámundastaðahálsi eða vestar, við Hálsá eða jafnvel milli Hamars og Skáldalækjar, en um það fæst seint skorið úr um.[4]

Færa má rök fyrir því að eitt fyrsta landnámið í Svarfaðardal kunni að hafa verið fyrir dalsmynninu, t.d. nærri Hálsi, Hrísum og Hamri. Þar er gott undirlendi, ágæt lending og afdalur með góðri selstöðu gengur upp af svæðinu, auk þess sem góðar engjar eru nyrst í Svarfaðardal. Þrátt fyrir það má ráða af Landnámu að á 12. og 13. öld hafi menn talið eðlilegt að álykta að elsta byggðin hafi verið annarsvegar Hof-Vellir í utanverðum Svarfaðardal austanmegin og hinsvegar Hámundarstaðir austan við Hámundarstaðaháls en hvort sem sannara reynist er ljóst að byggð hefur hafist snemma við mynni Svarfaðardals.

---

[2] Lilja Björk Pálsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Árni Daníel Júlíusson. 2019.
[3] Samantektin um ritheimildir byggir að hluta á umfjöllun um sama efni í aðalskráningarskýrslu, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003.
[4] ÍF I, 250-252

Elsta ritheimildin um Hamar eða Reykhamar eins og jörðin er þá nefnd er í Guðmundar sögu dýra. Samkvæmt sögunni földu Ingimundur nokkur og Ásgerður, heitkona hans, sig á bænum eftir að Ingimundur hafði vegið Helga Halldórsson (árið 1191). Samkvæmt sögunni bjó þar þá Eyjólfur sopi. Ingimundur var veginn á bænum þegar hann reyndi útgöngu úr úthýsi einu á jörðinni. Samkvæmt sögunni var hann grafinn í skafl í nágrenni.[5] Bæjarins er aftur getið í tengslum við erfða- og sölumál á 15. og 16. öld[6] og virðist hafa verið í bændaeign allt fram á 16. öld þegar Ari Jónsson, sonur Jóns Arasonar biskups kaupir hana ásamt hluta af Skáldalæk. Kaupin voru hluti af jarðabraski hans og stærri umskiptum á eignarhaldi á svæðinu því þegar komið var fram undir siðaskipti voru allar jarðir í nágrenninu (að undanskildum Krossum) í eigu kirkju og klaustra.

Ef horft er í jarðgæði og dýrleika virðist Hamar hafa verið meðaljörð. Hún hefur lengst af verið metin á 20 hundruð sem er meðaldýrleiki á norðlenskan mælikvarða. Þó má færa fyrir því góð rök að upphaflega hafi jörðin verið stærri og Skáldalækur síðar (en þó snemma) byggst út úr upprunalegri jörð. Dýrleiki Skáldalækjar var um 16 hdr og sé þessi tilgáta rétt má ætla að Hamar hafi verið 35-40 hundraða jörð í upphafi. Stærri og mikilvægari jarðir voru hins vegar umhverfis Hamar og engar vísbendingar eru t.d. um að þar hafi verið byggð kirkja eða bænhús en slíkar byggingar voru gjarnan reistar á fyrstu árum og öldum kristnitöku, af þeim bændum sem þóttu eiga meira undir sér.

Litlar ritaðar heimildir eru tiltækar um landgæði á Hamarsjörðinni (að undanskildum sjálfum dýrleikanum) fyrr en komið er fram undir 1700. Frá þeim tíma er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem geymir mikilvægan fróðleik um jörðina. Þegar jarðamat var gert fyrir Hamar árið 1712 er jörðin áfram metin á 20 hdr og eigandi hennar er Ingibjörg Björnsdóttir að Kirkjubæ í Tungu í Múlasýslu. Búpeningur var þá 3 kýr, 1 kvíga, 24 ær, 3 tveggja vetra sauðir og 10 veturgamlir, 1 hross og 1 þriggja vetra foli. Almennt fær jörðin heldur slaka umsögn. Útigangur er þó sagður í meðallagi og úthagar bjarglegir. Þar segir að útigangsfé þurfi að jafnaði nokkurn heystyrk, torfrista og stunga er sögð slök, rifhrís lítið nýtt en þó meðfram taði, móskurður er sagður hafa verið áður en sé ekki lengur notaður. Samkvæmt Jarðabókinni spillir vatnsuppgangur túninu og kvikfé sé hætt við fornum torfgröfum og holgryfjum.[7] Þrátt fyrir þessa löku einkunn í upphafi 18. aldar virðast landgæði heldur hafa færst upp á við með tímanum, a.m.k. virðast menn hafa trú á að hún standi undir ýmsum nýbýlum á seinni hluta 19. aldar þegar Hamarskort og síðar

[5] Sturlunga saga I, 173
[6] DI VI, 571 og DI X, 367-368.
[7] JÁM, X, 92

Grjótgarður og líklega Höllukot byggjast upp í og skammt frá heimatúninu. Byggðin var þó skammæ og fór síðasta nýbýlið í eyði um 1930.

Í upphafi 20. aldar er gert fasteignamat fyrir Hamar og Hamarskot og gefur það og nokkuð glögga mynd af búskaparháttum á bæjunum um aldamótin 1900. Hamarsjörðin hafði verið seld 1908 fyrir 1200 krónur og voru nýir eigendur þeir Þorsteinn og Árni Antonsynir og bjó Þorsteinn á jörðinni. Jarðarmat Hamars var á þessum tíma 11,5 hundruð. og kúgildið 1 1/2. Tún jarðarinnar voru sögð í góðri rækt, sæmilega grasgefin og um 9 dagsláttur. Matjurtagarðarnir gáfu þá 500 kg. Engjar voru sagðar snögglendar og nokkuð þýfðar en ósamfelldar og fjarliggjandi og áveita var þá engin á jörðinni. Búfjárhagar jarðarinnar eru sagðir víðlendir og kjarngóðir en betri fyrir sauðfé en stórgripi og nokkuð snjóþungir. Torfrista og byggingarefni á jörðinni var talið slæmt. Samkvæmt jarðamatinu gat jörðin þá framfleytt 3 kúm, 75 kindum og 3 hrossum með 3-4 mönnum. Bændur á jörðinni kvarta nokkuð yfir ágangi frá öðrum bæjum, væntanlega vegna þjóðleiðar sem lá þá í gegnum jarðirnar. Öll hús á jörðinni voru þá úr torfi og grjóti nema hluti af framhýsi á Hamarsbænum og hús þar sögð „ljéleg“.[8] Fasteignamat Hamarskots var að mörgu leyti svipað varðandi úthaga og engjar en vetrarbeit er þar sögð fremur góð og að engir sumarhagar séu í Hamarskoti fyrir kýr og hesta nema engjar. Þar er sagt hægt að framfleyta 1 kú, 1 vetrungi, 1 hesti og 30 kindum með 1 karlmanni og 1 stúlku. Báðar jarðir eru sagðar liggja nokkuð vel við samgöngum en að vegur heim að báðum bæjum sé slæmur. Svo virðist sem Hamarskot hafi farið í eyði skömmu síðar og Grjótgarður um 1930 og þá voru öll smábýlin á svæðinu komin í eyði. Hamar sjálfur fer svo í eyði árið 1964 og þar með lýkur hinni eiginlegu búsetusögu svæðisins. Í kjölfarið hefst annars konar uppbygging, fyrst Hitaveita Dalvíkur og því næst sumarbústaðabyggð en þeirri uppbyggingu er ekki að fullu lokið.

Ef fornminjar á Hamarssvæðinu eru skoðaðar í leit að vísbendingum um byggðaþróun og sögu svæðis má fá ýmsar vísbendingar. Kuml eru sjálfstæður vitnisburður um að byggð hafi verið komin á fyrir 1000. Innan deiliskipulagsreits hefur ekki fundist kuml ennþá en kuml fannst í Álfhóli í Hrísalandi, nálægt merkjum Hrísa og Hamars, skammt utan deiliskipulagsreits. Algengt var að setja kuml niður nálægt merkjum og gæti þessi fundur bent til þess að merki Hamars og Hrísa væru forn og báðir bæir byggst upp snemma. Þjóðsagnakennd sögn um hólana Hausa og Beini er þekkt af svæðinu og hefur helst verið talið að Beinir sé þar sem er afgerandi hóll í Hamarslandi, innan deiliskipulagsreits. Enn sem komið er hefur ekki verið gerð nein kerfisbundin leit eða könnunarskurðir í Beini en talsverð skógrækt er nú á hólnum. Við þetta má svo bæta að við

[8] Fasteignamat 1918, Undirmat Eyjafjarðarsýslu, nr. 313, og svör við spurningum vegna sama mats.

deiliskráningu 2019 fannst sérkennileg staður nærri merkjum Hamars og Skáldalækjar þar sem hugsanlegt er að kuml gæti leynst (sjá nánar umfjöllun um minjaflokka hér að aftan) sé sú raunin styrkir það einnig hugmyndir um að Skáldalækur hafi snemma byggst úr landi Hamars.

Við aðalskráningur árið 2002 fundust leifar sporöskjulaga vallargarðs og nokkurra tófta og garðlaga innan hans á merkjum Hrísa og Hamars. Virðast þar vera býlisleifar þó þær séu áður óþekktar og hvergi getið í ritheimildum. Umfang og útlit minjanna þótti benda til að þarna væru fundnar mjög fornar rústir, líklega af býli eða útstöð/seli. Árið 2018 var gerður könnunarskurður í eina tóftina og sýndi hann svo ekki varð um villst að hún er mjög forn eða frá 10.-11. öld. Hvorki fundust eiginleg gólflög eða eldstæði í könnunarskurðinum og ólíklegt að sú tóft sé mannabústaður en vel má vera að hann sé að finna annars staðar á rústasvæðinu. Rrekari rannsókna er þörf til að skera úr um það en líklegast verður að telja að þarna sé fundið fornbýli frá víkingaöld (hér eftir kallað *Merkjabýli*).

Innan deiliskráningarreits er einnig að finna þéttriðið net garðlaga. Framhald Sveitarlangs liggur í suðurjaðri alls svæðisins, ofan byggðar, og fornleg garðlög virðast einnig afmarka heimatún Hamars annars vegar og hins vegar óskilgreint svæði milli Hamars og fornbýlis, auk þess sem fornlegur garður á merkjum Skáldalækjar og Hamars er að hluta innan reitsins. Könnunarskurður í Sveitarlang sem tekinn var sumarið 2010 sýndi að hann var fyrst hlaðinn á 10.-11. öld og fátt bendir til annars en að önnur áþekk garðlög á skráningarsvæðinu séu frá sama skeiði.

Samanlagt má því segja að ýmsar vísbendingar séu tiltækar um upphaf og sögu Hamarssvæðisins, þótt mörgum spurningum sé enn ósvarað. Allt bendir til að Hamar hafi byggst mjög snemma og haldist í stöðugri byggð. Hvert samband *Merkjabýlisins* og Hamars var er erfitt að segja. Býlið er á merkjum Hrísa og Hamars (reyndar að mestu í Hrísalandi) og mætti e.t.v. túlka það sem vísbendingu um að þarna hafi frumbýli svæðisins staðið um skamma hríð áður en landinu var skipt í tvær jaðir og aðeins þá hafi byggst upp býlin Hrísar og Hamar. Allt eins líklegt er þó að á fyrstu öldum hafi verið þrjú býli á þessum slóðum, nokkuð nærri hvert öðru (Hamar – Merkjabýli – Hrísar) en að landinu hafi síðar verið skipt í tvennt og merkjabýlið þá fallið í eyði (eða verið komið í eyði fyrir). Slíkar vangaveltur eru skemmtilegar, en ómögulegt er að fullyrða nokkuð um með hvaða hætti byggð þróaðist á svæðinu á fyrstu öldum, án frekari rannsókna. Forngarðarnir á skráningarsvæðinu styðja enn þá mynd sem fæst af byggðinni út frá öðrum vísbendingum, þ.e. að svæðið hafi byggst snemma og líklegast verið þéttbýlt. Fornlegur hagagarður umhverfis heimahaga Hamars rennir t.d. stoðum undir það að bærinn hafi staðið á svipuðum slóðum frá fyrstu tíð. Lítið er vitað um byggðaþróun á svæðinu á næstu öldum en á 18.-19. öld og fram til upphafs 20. aldar byggjast 2-3 býli upp á þessu svæði þau voru öll komin í eyði snemma á 20. öld.

Landshættir á úttektarsvæði

Deiliskipulagsreiturinn sem var skráður 2019 er fyrir mynni Svarfaðardals, í 10-80 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er í aflíðandi halla til norðurs og nær yfir svæði sem var lyngivaxinn mói að sunnanverðu en deiglend mýri að norðan sem að hluta var vaxin víði og kjarri. Innan svæðis voru þó nokkur tún eins og áður hefur komið fram, það stærsta heimatún Hamars. Öll heimatún eru nú á kafi í órækt og sumsstaðar eru talsverðar njólabreiður farnar að dreifast um innan gömlu túnanna. Þegar svæðið var skráð var þar talsverður gróður enn standandi í heimatúnum og framræstum svæðum þannig að nokkuð erfitt var að fá fulla yfirsýn yfir svæðið. Ofan á það bættist að víða er hafin skógrækt innan svæðis og auðveldaði hún ekki yfirsýnina.

Gróðurfar á svæðinu hefur tekið nokkrum breytingum á 20. öld. Fyrst má nefna að stór svæði norðarlega á því voru framræst og tún stækkuð áður en Hamarsjörðin fór í eyði. Eftir að jörðin fer í eyði verða einnig umfangsmiklar breytingar, tún leggjast í órækt og fleiri hús rísa á svæðinu, lagnir og vegir eru lagðir og skógrækt hefst. Að samanlögðu má segja að gróðurfar og umhverfi hafi tekið miklum stakkaskiptum á síðustu áratugum.



Nokkrar yfirlitsmyndir sem sýna landslag og gróðurfar innan úttektarsvæðis.


FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

6. Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Samtals var skráð 71 fornleif á 55 minjastöðum innan deiliskipulagsreits haustið 2019. Minjarnar dreifast í raun um svæðið allt en þó má segja að færri minjar séu á svæðinu norðvestanverðu en suðaustanverðu. Fornleifarnar sem skráðar voru eru mjög fjölbreytilegar og verður hér fjallað um helstu minjaflokka.

Við skráninguna fundust talsvert margar fornleifar sem ekki voru þekktar áður en skráningin hófst og því algengt að ekki væri vitað hvaða hlutverki nýfundinn minjastaður gegndi. Í sumum tilfellum var hægt að færa góð rök fyrir því hvaða hlutverki hann hafði líklega gegnt (s.s. mógrafir, heystæði eða útihús) en í mörgum tilfellum var ekki hægt að fullyrða slíkt og voru þeir staðir þá skráðir með „óþekkt" hlutverk. Samtals voru skráðir 12 slíkir staðir. Margir staðanna voru einfaldar þústir eða tóftir, sumar byggðar upp við garðlög og líklegast er að margar þessara minja hafi verið e.k. útihús eða smákofar í úthögum. Nokkrir staðanna voru óljós gerði og garðlög sem líklegast kunna mörg að hafa verið e.k. vörslumannvirki í tengslum við skepnuhald en erfitt er að fullyrða um það. Af öðrum minjum sem falla í flokkinn (óþekkt) var þúst EY-179:019 sem gæti í raun verið leifar af geitakofa (sjá annars EY-179:051), fremur stæðileg tóft EY-179:033 sem gæti verið beitarhús og ógreinileg þúst eða hólmyndun þar sem líklegt virðist að minjar leynist undir sverði og má ætla að kunni að hafa verið bústaður eða útihús við Hamarskot sjá, EY-180:007.

Óþekkt	Mógrafir	Garður	Útihús	Bær/Býli	Heystæði	Leið	Annað	Legstaður?	Kálgarður
179:006	179:026	178:013	179:002	100:010	179:030	179:021	179:007	179:013	179:016
179:017	179:027	179:015	179:003	179:001	179:036	179:025	179:029	179:035	179:023
179:018	179:031	179:020	179:004	179:008	179:044	179:049	179:040		
179:019	179:032	179:022	179:005	180:001	179:046				
179:024	179:034	179:041	179:051	180:002					
179:028	179:038	179:050	180:003						
179:033	179:042	180:005	180:004						
179:037	179:047	180:006							
179:039	179:048								
179:043									
179:045									
180:007									

Tafla 1: Hlutverk þeirra minjastaða sem skráðir voru innan deiliskipulagsrreits

Eitt helsta einkenni úttektarsvæðisins, út frá fornleifafræðilegu sjónarhorni, eru hin miklu garðlög sem liggja um það. Samtals voru skráð átta garðlög innan úttektarsvæðis, mjög misgreinileg. Af görðunum má fyrst nefna þann garð sem gjarnan hefur verið nefndur Sveitarlangur EY-180:006 og er framhald þess garðlags sem má greina á löngum köflum ofan byggðar í Svarfaðardal austan- og

vestanverðum. Í raun er ekki um eitt samfellt garðlag að ræða en saman mynda garðlögin garð eftir endilöngum dalnum og út frá honum liggja fleiri garðar þar sem undirlendi er meira. Garðlag sem er í framhaldi langgarðsins EY-180:006 hefur legið í sveig eftir hálsinum til norðurs og austurs og svo áfram ofan byggðar á Hamri og e.t.v. náð alla leið að Hálsá. Garðurinn er mjög fornlegur og siginn, breiður og lyngivaxinn. Könnunarskurður var tekinn í hann árið 2010 og leiddi hann í ljós að elsti hluti garðsins væri frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld en honum hefur verið viðhaldið á næstu öldum og sáust merki um endurbætur frá 12.-13. öld og allt fram á 14.-15. öld.[9] Aðrir garðar á svæðinu sem telja má líklegt að séu frá sama skeiði eru 4-5 talsins. Fyrst ber að nefna skágarð EY-179:050 sem liggur frá áðurnefndum Sveitarlangi og skáhallt til ANA niður hlíðina og endar við *Merkjabýli* EY-100:010. Mikill hagagarður EY-180:005 hefur einnig legið frá langgarði EY-180:006 að vestan og upp að skágarði EY-179:050 að austan. Sá garður hefur markað heimahaga Hamars/Hamarskot og mætti því kalla hagagarð. Landamerkjagarður á merkjum Hamars og Skáldalækjar EY-178:013 virðist einnig fornlegur og nær upp að Sveitarlangi (EY-180:006) og að lokum má nefna garðlög umhverfis s.k. *Merkjabýli* en fornlegur og sporöskjulaga garður hefur legið umhverfis tóftirnar (sjá EY-100:010H). Suðurhluti garðsins kann reyndar að vera „sjálfstæður" garður á merkjum Hrísa og Hamars, a.m.k. má greina framhald hans austar og utan úttektarsvæðis. Auk þessara garðlaga má greina óljósar garðhleðslur á nokkrum stöðum innan deiliskipulags, flestar þeirra nærri suðvesturhorni deiliskipulagsreits. Ónefndur er enn túngarður Hamars EY-179:015 sem virðist eitthvað yngra mannvirki. Hann virðist að hluta til byggður ofan á langgarði en er nú að stórum hluta horfinn.

Eins og áður kom fram voru skráð fimm býli eða bæjarstæði innan deiliskipulagsreits. Fyrst ber að nefna sjálfan Hamarsbæinn EY-179:001. Þar er enn sæmilega umfangsmikill bæjarhóll og á honum stendur steinsteypt íbúðarhús sem nú er notað sem frístundahús. Í upphafi 20. aldar stóð á hólnum torfbær með timburbyggðu framhúsi á svipuðum stað en þessar byggingar viku smám saman á tímabilinu 1930-1953. Yngri húsin, þau sem nú standa, hafa verið grafin inn í bæjarhólinn að hluta og kunna að hafa skemmt eitthvað af mannvistarleifum í hólnum. Þó er óhætt að gera ráð fyrir að þar leynist enn miklar minjar undir sverði. Afar lítið er vitað um þau þrjú býli/hjáleigur sem byggjast upp í og skammt frá heimatúni Hamars á síðustu öldum. Engin hjáleiga er á jörðinni þegar Jarðabók Árna og Páls er tekin saman árið 1712 og í raun engar heimildir um býli á jörðinni fyrr en á seinni hluta 19. aldar þegar Hamarskot EY-180:001 byggist upp. Á Hamarskoti varð seinna tvíbýli og hélt yngri bærinn, Grjótgarður EY-180:002, velli lengur en „frumbýlið" eða fram til 1930. Engar

[9] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2010, 24

leifar sjást nú um Hamarskot en hjólhýsi stóð um langt skeið á bæjarstæðinu og í tengslum við það voru nokkrar framkvæmdir. Falleg margskipt tóft er enn óskemmd þar sem bærinn í Grjótgarði stóð. Þriðja smábýlið sem byggðist frá Hamri er Höllukot EY-179:008 sem stóð neðst í heimatúninu en engin ummerki fundust um það við skráningu og hafa þau líklega verið löngu sléttuð í tún. Uppbygging þessara þriggja býla seint á 19. öld og eða í upphafi þeirrar 20. er áhugaverð og má velta fyrir sér hvort hún gæti tengst aukinni útgerð og þéttbýlismyndun á Dalvík en margar hjáleigur byggðust upp á þeim slóðum á þessu tímabili. Fimmta býlið sem skráð var innan marka deiliskipulags var af öðrum meiði en það eru nafnlausu rústirnar á merkjum Hrísa og Hamars EY-100:010 sem nýverið voru aldursgreindar til 10.-11. aldar. Umfang rústasvæðisins þykir benda til að þar sé líklega fornt bæjarstæði fremur en sel/útstöð en umfangsmeiri rannsóknir þarf til að staðfesta þá tilgátu. Innan fornlegs vallargarðs var skráð gerði og 6-7 tóftir sem að talsverðu leyti eru hlaupnar í þúfur. Ýmsar framkvæmdir hafa verið á þessum slóðum og vegir lagðir í gegnum svæðið, ljósleiðari var nýlega lagður í jaðar þess og sumarbústaður og bílastæði gerð innan vallargarðs. Að auki hefur nokkuð verið plantað af trjám á þessu svæði og því ljóst að minjasvæðinu stendur ógn af ýmsum hættum.

Talsvert var skráð af útihúsum innan deiliskipulagsmarka. Líklegt er að nokkrar af þeim tóftum sem skráðar voru á *Merkjabýlinu* EY-100:010A-H hafi verið útihús en auk þeirra voru skráðar sjö aðrar fornleifar með slíkt hlutverk á svæðinu. Í heimatúni Hamars eru þekktar heimildir um fjós og þrjú önnur útihús en ekki sjást greinileg yfirborðsummerki um neitt þeirra þótt hólmyndun megi greina á 1-2 stöðum. Í túni Hamarskots voru skráð tvö útihús og voru ummerki um bæði horfin af yfirborði. Að auki má svo nefna tvö hús sem ekki kallast útihús í hefðbundnum skilningi en eru skepnuhús í úthögum. Annað þeirra er lítill geitakofi sem samkvæmt örnefnaskrá á að hafa staðið talsvert austan við Hamarstún, en nú er ekki vitað nákvæmlega hvar (sjá EY-179:051) en hitt er fornleg beitarhúsatóft EY-179:040 sem fannst norðvestarlega á svæðinu og ber vitni um nýtingu þess fyrir útbeit. Aðrar minjar sem skráðar voru í og við heimatún voru kálgarðar og voru skráðir tveir slíkir innan marka deiliskipulags. Greinilegar hleðsluleifar annars þeirra EY-179:016 sjást fast sunnan við túngarðinn á Hamri en leifar hins garðsins sem var á Hamri (EY-179:023 merktur inn á túnakort frá 1917) eru horfnar. Auk þessara stakstæðu kálgarða er vitað að kálgarður var byggður fast við gamla bæinn á Hamri (sjá EY-179:001) og við Hamarskot (sjá EY-180:001).

Mikill fjöldi mó- eða svarðargrafa var skráður á svæðinu eða samtals níu grafir. Langflestar þeirra voru vestarlega á svæðinu og voru þær mjög misskýrar. Sumar grafanna voru mjög ógreinilegar og hugsanlega nokkuð gamlar. Á sama svæði voru skráð heystæði á fjórum stöðum og voru sum þeirra nokkuð stór. Eins og fyrr segir bera þessar minjar vitni um það hlutverk sem þessi

hluti deiliskipulagsreits hefur gegnt lengst af, þ.e. þar virðist hafa verið gjöfult svarðartekjusvæði og engjar sem voru slegnar en svæðið var að auki nýtt fyrir útbeit.

Af öðrum minjum á svæðinu má nefna að skráðar voru þrjár leiðir. Ein þeirra var reyndar bara stutt, heimreiðin að Hamri EY-179:025, sem nú sjást lítil sem engin ummerki um en hinar voru báðar lengri leiðir og eru til að mynda báðar merktar inn á Íslandskort frá 1933. Önnur þeirra EY-179:021 var hluti af þjóðleiðinni um sveitina og lá frá Árskógsströnd, um Hálsaland, áfram til vesturs fremur austarlega innan úttektarreits og því næst yfir Hamarinn og til suðurs, inn Svarfaðardal austanverðan, ofan Sökku/Ölduhryggs að Völlum og áfram suður dalinn. Nokkur ummerki fundust um leiðina innan skráningarsvæðis, sumsstaðar sáust reiðgötur en nyrst á svæðinu fannst upphleðsla á þeim stað þar sem vegurinn hefur legið. Hin leiðin EY-179:049 sem skráð var er hluti af styttri leið sem legið hefur frá Hálsi og til Hamars og Skáldastaða. Leiðin greindist frá þjóðleiðinni innan deiliskipulagsreits og mátti rekja hana á stuttum kafla innan svæðis en malarvegur er nú að hluta þar sem eldri vegurinn var auk þess sem hann virðist hafa legið á eða við forngarðinn Sveitarlang EY-180:006 vestast.

Aðrir minjastaðir sem skráðir voru innan deiliskipulagsreits voru flestir stakar minjar s.s. ungleg heygryfja EY-179:029, huldufólksbústaður EY-179:007 og áðurnefnd beitarhúsatóft EY-179:040. Í lok umfjöllunar um minjastaði innan deiliskráningarreits er hins vegar rétt að fjalla sérstaklega um og draga athygli að tveimur minjastöðum sem gætu báðir verið geysimerkir en erfitt er að leggja mat á þá án frekari rannsókna. Staðirnir eiga það sammerkt að hugsanlegt er að þar leynist kuml frá fyrstu öldum byggðar. Staðirnir eru báðir við landamerki, annars vegar meint kuml EY-179:035 við landamerki Skáldalækjar og Hamars nærri norðvesturjaðri deiliskipulagsreits og hins vegar sögn um kuml EY-179:013 á hólnum Beini nærri mörkum Hamars og Hrísa, fast ofan við vallargarð svonefnds *Merkjabýlis*. Um síðarnefnda staðinn er til þjóðsagnakennd frásögn en samkvæmt henni áttu tveir þrælar Ingólfs Bjarmalandsfara (sem hafði samkvæmt sögninni reynt að fá land í Svarfaðardal án árangurs – og var grafinn í Ingólfshöfða) að vera grafnir hvor í sínum hólnum sem hétu Beinir og Hausi. Í yngri frásögnum eru hólarnir sagðir á flatanum milli Hrísa og Hamars og Beinir sagður sá hóll sem skráður var innan deiliskipulagssvæðisins. Staðsetning hólanna hefur reyndar nokkuð verið á reiki og hefur Hausi t.d. verið sagður hóll sem nú er horfinn í tún í Hrísalandi[10] en hóll með sama nafni er hins vegar þekktur spottakorn frá, í landi Sökku, um 2 km SSV við meintan Beini og á þeim stað fannst kuml síðla á 18. öld.[11] Frásögnin af kumlunum er vissulega þjóðsagnakennd en í ljósi þess að kuml hefur fundist í hólnum Hausa er rétt að veita

[10] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2003: 72
[11] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002: 159

hinum meinta legstað í hólnum Beini fulla athygli og láta hann njóta vafans í framkvæmdum, nú eða kanna hólinn betur til að ganga úr skugga um hvort þar geti leynst kuml. Því miður hefur verið hafin talsverð skógrækt í hólnum og því erfiðara en ella að leita að mögulegum kumlum en á hólnum eru einnig þústir sem eru að verða illa farnar af skógrækt. Hinn staðurinn þar sem hugsanlegt er að kunni að leynast kuml er áður óþekktur staður á merkjum við Skáldalæk EY-179:035. Þar er bátslaga gerði með afgerandi þúst eða upphækkun í miðju. Lítil þúst er svo fast norðan við gerðið. Lag gerðisins er einkennilegt og minnir ekki á neinar hefðbundnar landbúnaðarminjar. Afgerandi bátslagið á gerðinu/þúfnakraganum bendir til þess að það sé manngert og virðist mögulega um fornt kuml að ræða. Gerðið myndi þá afmarka kumlateig og innan þess virðist a.m.k. eitt tvöfalt kuml í þústinni í miðju gerðinu. Sé sú raunin gæti útlit hennar bent til þess að kumlið hafi verið rofið og að bein og gripir hafi verið fjarlægðir úr því. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin norðan við gerðið hefur gegnt eða hvað kann að leynast í henni. Þess má geta að í landi Skáldalækjar er örnefnið Skipalág við norðausturmörk jarðarinnar, litlu norðan við þessar minjar. Mögulega stendur örnefnið í tengslum við gerðið en ekkert er hægt að segja um það með vissu og í raun ekki hægt að útiloka að þessar minjar séu einfaldlega náttúrumyndun nema með könnunarskurðum og væri það bæði spennandi og þarft verkefni.

Lokaorð

Ljóst er að sá deiliskipulagsreitur sem tekinn var út í landi Hamars haustið 2019 er geysimerkt minjasvæði. Einar merkustu minjar svæðisins eru án efa hin miklu garðlög sem þar liggja víða og sýnt hefur verið fram á að eru frá fyrstu öldum byggðar en því miður hafa framkvæmdir á svæðinu þegar skemmt þau nokkuð. Ýmsar framkvæmdir innan deiliskipulagsmarka hafa haft áhrif á gróðurfar og ennfremur minjastaði á síðustu áratugum. Einhverjir minjastaðir höfðu reyndar áður horfið í túnasléttun og vegna annarra framkvæmda í tengslum við búskap á jörðinni (þar til hún féll í eyði) en mun umfangsmeira rask hefur átt sér stað eftir að búskap á svæðinu lauk.

Ekki er ljóst hvort bygging hitaveitumannvirkja á svæðinu skemmdi einhverjar minjar, en engar sérstakar vísbendingar eru um slíkt þótt lagnamannvirki frá borholunum hafi líklega skorið á einhverjar línulegar minjar svo sem garðlög eða leiðir. Ljóst er hins vegar að sú sumarbústaðabyggð sem risið hefur á svæðinu hefur þegar valdið gríðarlegum spjöllum á minjum. Bústaðir hafa verið byggðir beint ofan í kerfi forngarða og þeim víða rutt út og eyður gerðar í þá vegna húsbygginga, vegakerfis að þeim og ýmsu öðru því umróti sem fylgir óhjákvæmilega slíkri byggð. Samhliða sumarbústaðabyggðinni hefur einnig verið hafin skógrækt sem ógnar fjölmörgum minjastöðum. Sem dæmi má nefna að heimatún Hamars/Hamarskots eru mjög umbreytt og illa farin, komin í órækt og hluti þeirra raskaður af framkvæmdum. Framkvæmdir hafa einnig þegar skemmt talsvert

hinar fornu rústir á merkjum Hamars og Hrísa, nú síðast lagning ljósleiðara sem skemmdi um 20 m kafla af vallargarði býlisins.

Trjám hefur víða verið plantað í og við minjar, t.d. í mögulegt kumlstæði í hólnum Beini og forngarðar EY-180:005, EY-180:006 og EY-179:050 eru sundurgrafnir og skemmdir af margvíslegum sumarbústaða-, vega- og lagnaframkvæmdum.

Mikilvægt er að reyna að tryggja að frekari framkvæmdir raski ekki hinu forna garðakerfi enn frekar. Sömu sögu er að segja um rústaþyrpingu nærri norðausturjaðri svæðisins en könnunarskurður í tóft í þyrpingunni sýndi að hún er byggð á 10.-11. öld. Innan svæðis eru að auki tvö möguleg kuml, býlistóft, bæjarhóll og fjöldi annars konar minja sem sumar hverjar hafa þegar verið skemmdar með framkvæmdum en aðrar eru í góðu ástandi. Ljóst er að fara verður varlega í allar frekari fyrirætlanir um uppbyggingu svæðisins og hana verður að gera í náinni samvinnu við Minjastofnun Íslands sem geta gefið fyrirmæli og ráðleggingar í þessum efnum og munu úrskurða hvort uppbyggingaráform geti haldið áfram óbreytt og þá með hvaða skilyrðum.

Heimildaskrá

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrra bindi. 1993. Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon, & Óskar Þór Halldórsson (ritstj.) Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II. 1850-1878. Kaupmannahöfn.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVII: Fornleifar í Skíðadal frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal austanverðum að Sökku.* Fjölrit númer FS168-99093. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal.* Fjölrit númer FS204-99094. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2010. *Forn garðlög í Dalvíkurbyggð: Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd.* Fjölrit númer FS452-10071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Frístunda- og iðnaðarsvæði Hamri Dalvíkurbyggð, deiliskipulag: Greinargerð. Dagsett 17.2.2015, án útgáfustaðar: Arkitektastofan Form.

Gríma hin nýja I-V. Safn til þjóðlegra fræða íslenzkra. 1978. Reykjavík: Þorsteinn M. Jónsson gaf út.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi.* 1847. Kaupmannahöfn: útgefanda ekki getið.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns,* X. Eyjafjarðarsýsla. 1943. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Lilja Pálsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Árni Daníel Júlíusson. 2019. *Fornar minjar í og við Svarfaðardal: Könnunarskurðir vegna undirbúnings verkefnisins Tveir dalir.* Fjölrit númer FS769-18201. Reykjavík.

Sturl: *Sturlungasaga* I-II. 1946. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Uppdráttur Íslands, kort 62, mælt 1931 útgefið 1933. Reykjavík: Geodætisk Institut.

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Bréf Árna Antonssonar á Hrísum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967

Ö-Dal: *Örnefnaskrá Dalvíkur*, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Ö-Svarf: *Örnefnaskrá Svarfaðardals*, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasvið:

Ö-Hamar: Örnefnskrá Hamars. Margeir Jónsson tók saman.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Svarfaðardalur.

Fasteignamat 1918: undirmat Eyjafjarðarsýslu nr. 313-314.

Landmælingar Íslands

Loftmynd LMÍ 1970, Svæði nr: 62 - Árskógsströnd - Dalvík. Merkt: LMI-Kort-B24-B-6520

Loftmyndir ehf:

Loftmynd frá Loftmyndum ehf apríl 2019.

Heimildamenn:

Hrísar og Hamarskot – Pálrún Antonsdóttir fædd 19. september 1925 rætt við vegna skráningar 2002.

Skáldalækur – Brjánn Guðjónsson fæddur 19. nóvember 1923 á Skáldalæk. Einnig var rætt við Hall Steingrímsson f. 1948 og Kolbrúnu Hansen f. 1947 sem bjuggu á jörðinni um skeið, allt í tengslum við skráningu 2002.


Hamar - Jón Guðmundsson fæddur 27. febrúar 1921 í Ólafsfirði bjó á Hamri 1953-1962. Rætt við í tengslum við skráningu 2002.

Almennt – Þorsteinn Skaftason, fæddur 17. desember 1944 aðstoðaði vegna skráningar 2019 og las yfir handrit af skýrslu.


Sérheiti	X	Y
EY-100:010A	522892	605303
EY-100:010B	522865	605323
EY-100:010C	522831	605404
EY-100:010D	522807	605395
EY-100:010E	522798	605413
EY-100:010F	522830	605374
EY-100:010G	522704	605440
EY-100:010H	522776	605380
EY-100:010I	522874	605338
EY-178:013	521852	605406
EY-179:001	522332	605254
EY-179:002	522345	605237
EY-179:003	522321	605293
EY-179:004	522451	605244
EY-179:005	522465	605269
EY-179:006	522493	605376
EY-179:007	521863	605455
EY-179:008	522410	605433
EY-179:013_1	522679	605405
EY-179:013_2	522687	605394
EY-179:015	522431	605215
EY-179:016	522320	605214
EY-179:017	522383	605173
EY-179:018	521902	605318
EY-179:019	522648	605146
EY-179:020_1	522008	605318
EY-179:020_2	521906	605301
EY-179:020_3	521922	605303
EY-179:020_4	521959	605310
EY-179:021_1	522708	605385
EY-179:021_2	522659	605284
EY-179:021_3	522590	605234
EY-179:021_4	522488	605132
EY-179:022_1	521955	605335
EY-179:022_3	522066	605362
EY-179:022_4	522154	605324
EY-179:023	522379	605195
EY-179:024	521945	605376
EY-179:025	522337	605234
EY-179:026_1	522007	605388
EY-179:026_2	521939	605428
EY-179:027	522086	605526
EY-179:028	522056	605336
EY-179:029	522386	605216
EY-179:030	522113	605668
EY-179:031	522132	605734
EY-179:032	522447	605578
EY-179:033	521940	605744
EY-179:034	522092	605440
EY-179:035_1	521703	605774
EY-179:035_2	521711	605772
EY-179:036	521849	605550
EY-179:037	522115	605432
EY-179:038	521816	605593
EY-179:039	522136	605308
EY-179:040_1	521826	605640
EY-179:040_2	521822	605635
EY-179:041	522060	605349
EY-179:042	521969	605638
EY-179:043	522569	605275
EY-179:044_1	521832	605785
EY-179:044_2	521837	605807
EY-179:045	522446	605384
EY-179:046	521897	605762
EY-179:047	521809	605829
EY-179:048	522514	605489
EY-179:049_2	522611	605397
EY-179:049_3	522529	605274
EY-179:050_1	522528	605195
EY-179:050_2	522594	605217
EY-179:050_3	522707	605253
EY-179:050_4	522806	605283
EY-180:001	522182	605320
EY-180:002	522193	605355
EY-180:003	522174	605379
EY-180:004		
EY-180:004	522187	605451
EY-180:005_1	522121	605348
EY-180:005_2	522129	605392
EY-180:005_3	522136	605434
EY-180:005_4	522184	605465
EY-180:005_5	522272	605522
EY-180:005_6	522349	605543
EY-180:005_7	522482	605524
EY-180:005_8	522536	605390
EY-180:005_9	522559	605298
EY-180:00510	522558	605235
EY-180:006_1	522216	605281
EY-180:006_2	522289	605244
EY-180:006_3	522342	605202
EY-180:006_4	522391	605177

EY-180:006_5	522052	605302
EY-180:007	522226	605321


MINJAKORT



Yfirlitskort sem sýnir minjar á öllum deiliskráningarreitnum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Minjar á vesturhluta skráningarsvæðis. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Minjar á austurhluta skráningarsvæðis. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS